

1996–97. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.  
121. löggjafarþing. – 445. mál.

### 1308. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Mörg atriði vekja spurningar í tengslum við frumvarpið um álver á Grundartanga. Aðalatriði málsins eru þessi:

1. Aðdragandi málsins og framkoma stjórnvalda gagnvart íbúum Kjósarsýslu, í Hvalfirði sunnanverðum, er skólabókardæmi um hrokafulla afstöðu stjórnvalda. Íbúarnir stofnuðu samtökin Sól í Hvalfirði og óskuðu eftir því að farið yrði að settum leikreglum. Stjórnvöld svöruðu engu og fóru sínu fram af fyllsta tillitsleysi; meðal annars báru þau því við að íbúarnir hefðu mátt búast við öðru stóriðjuveri á Grundartangasvæðinu samkvæmt settu aðalskipulagi. Íbúarnir bentu á að þeim væri ljóst að þarna væri iðnaðarsvæði en þeim hefði aldrei verið gerð grein fyrir því að þarna ætti að vera stærsta stóriðjusvæði á Íslandi.
2. Annar aðalþáttur málsins er staðarvalið sem er umdeilanlegt af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi er álitamál hvort rétt er að setja fyrirtækið niður í Hvalfirði við hliðina á öðru stóriðjuveri. Þannig er verið að hlaða á einn stað stóriðjuverum sem skynsamlegra væri að dreifa um landið. Í nefndinni kom fram að stjórnvöld vísuðu eigendum álversins á Grundartanga og ekkert annað. Í öðru lagi er staðsetning fyrirtækisins álitamál frá byggðasjónarmiði. Í þriðja lagi er staðsetning fyrirtækisins vafasöm út frá umhverfissjónarmiði.
3. Þriðji aðalþáttur málsins er sú staðreynd að fyrirtækið Columbia Ventures Corporation er lítið fyrirtæki sem á bersýnilega erfitt með að tryggja fjármögnun verkefnisins og kvað svo rammt að áhyggjum manna í þessum efnunum að efnahags- og viðskiptanefnd kannaði fjárhagsstöðu þess sérstaklega. Verður að benda á að enn mun ekki allt í höfn að því er varðar fjárhagsstöðu fyrirtækisins og þó er ætlunin að hefja raforkusölu til þess þegar 1. júní á næsta ári.
4. Í fjórða lagi ber í þessu sambandi að benda á að hreinsibúnaður fyrirtækisins er ekki eins og best verður á kosið. Þess vegna flytur minni hlutinn breytingartillögur við frumvarpið um að komið verði upp vothreinsibúnaði.
5. Í fimmta lagi er ljóst að raforkuverð til fyrirtækisins er lágt eða á mörkunum. Sérstaklega er verðið umhugsunarvert með hliðsjón af því að verð á raforku til stóriðju fer nú hækkandi annars staðar; má benda á Noreg í þessu sambandi.

#### Raforkuverðið verður að hækka.

Á fundi iðnaðarnefndar við lok umfjöllunar um frumvarp til laga um álver á Grundartanga fjallaði iðnaðarráðherra m.a. um nokkur lykilatriði þeirra mála sem hér eru til meðferðar. Það sem fram kom í þeirri umfjöllun af hálfu ráðherrans og ráðuneytisins var m.a. þetta:

Næstu samningar fyrir stóriðju hljóta að verða á mun hærra verði eða 21–23 mills á kílóvattstundina. Þessi mál eru stöðugt til meðferðar í ráðuneytinu og samkvæmt þeim

upplýsingum sem fram komu hjá ráðherranum o.fl. eru margir aðilar stöðugt að leita hófanna hér á landi um ný álver. Greinilegt er að hækkandi raforkuverð í Noregi og Svíþjóð hefur það í för með sér að stóriðjufyrirtækin munu í vaxandi mæli sækja til Íslands. Ástæðurnar fyrir hækkandi raforkuverði á Norðurlöndum eru í meginatriðum þrjár. Í fyrsta lagi er stefnt að því að leggja umhverfisskatta á raforku frá orkugjöfum sem ekki eru umhverfisvænir eða skaða umhverfið að einhverju leyti. Í öðru lagi er reiknað með því að kjarnorkuverum verði lokað á næstu árum og það mun þýða hærra raforkuverð og í þriðja lagi hafa skipulagsbreytingar á orkumarkaðnum haft það í för með sér að verð á raforku í Noregi og víða annars staðar hefur hækkað mjög verulega að undanförmu. Þetta verður til þess að þessir aðilar munu í vaxandi mæli leita hingað til Íslands. Ef á annað borð er léð máls á frekari uppbyggingu stóriðju hér á landi skapar þetta Íslendingum möguleika til þess að knýja fram miklu hærra raforkuverð en þeir til þessa hafa fengið í þeim stóriðjusamningum sem gerðir hafa verið. Dæmi þessu til sönnunar er sú ákvörðun Gränges-fyrirtækisins að loka álveri sem það á í Svíþjóð; það stafar af því að þessir aðilar þurfa núna að sæta mikið hærra raforkuverði þar sem ákveðið hefur verið að loka kjarnorkuverum sem framleiða raforku í Svíþjóð. Þetta segir einnig að stóriðjusamningar, sem gerðir hafa verið í Svíþjóð um sölu á raforku, eru þannig að þeir verða að sæta breytingum á orkuverði og jafnvel sköttum sem tekin er ákvörðun um í viðkomandi landi. Þetta er grundvallarmunur frá því sem er varðandi stóriðjusamningana hér á landi; í öllum tilvikum er um að ræða sérsamninga þar sem raforkuverð er mismunandi og skattar eru mismunandi og þess vegna gilda hér sérlög um hvert einasta stóriðjufyrirtæki sem er starfandi hér á landi. Það er auðvitað óeðlilegt og fráleitt fyrirbæri. Sérstaklega er þó fráleitt að þessi fyrirtæki skuli geta samið um óbreytt eða lítið breytt orkuverð innan ákveðins ramma og óbreytta eða lítið breytta skatta innan ákveðins ramma til margra áratuga án þess að þurfa að sæta breytingum eins og stóriðjufyrirtæki á Norðurlöndum eru núna að taka á sig í þó nokkrum mæli.

Fram kom í nefndinni að stóriðjufyrirtæki eru í vaxandi mæli að sækja á hér. Atlantsálshópurinn var síðast sóttur heim í New York í janúar sl. Hópnum finnst verið, sem rætt er um, þ.e. 21–23 mills, vera of hátt en greinilegt er að hann hefur engu að síður frekari áhuga á því að starfa á Íslandi vegna þess að orkuverð sem stóriðju er boðið, t.d. í Noregi, er nú í kringum 30 mills á kílóvattstundina. Forstjóri Norsk Hydro hefur einnig leitað viðræðna á Íslandi og hefur látið hafa það eftir sér að hann telji að tvö lönd í Evrópu eigi mesta möguleika til framþróunar í málmiðnaði; annað þeirra er Ísland. Það slæma í stöðunni fyrir okkur er hins vegar að það er greinilega stefna stjórnvalda að leggja fyrst áherslu á lágt orkuverð áður en aðrir kostir Íslands eru dregnir fram í dagsljósið; það er í raun og veru mjög alvarleg staðreynd en engu að síður staðreynd sem liggur fyrir í framhaldi af umfjöllun þessa máls, m.a. í iðnaðarnefnd.

Í rauninni hafa stjórnvöld nú sterka stöðu til að knýja fram hátt orkuverð miðað við það sem verið hefur og þau hafa stöðu til að knýja fram bestu umhverfisvarnir sem hugsast geta. Hvorugt gerist. Íslensk stjórnvöld eru enn í þeim heimi að Íslendingar þurfi að una lægsta verðinu og lakasta mengunarvarnabúnaðinum.

#### **Aðrir stóriðjukostir á næstunni.**

Það hefur komið fram að helstu verkefni fram undan að mati stjórnvalda í stóriðjumálum séu í fyrsta lagi Atlantsálshópurinn, en þar eru enn haldnir fundir eins og áður segir, og í öðru lagi undirbúningsvinna við að kortleggja samstarf við Norsk Hydro eins og iðn-

aðarráðherra hefur komist að orði. Þar er lagt orkuverð grundvallaratriði. Í þriðja lagi eru nefndir aðrir möguleikar en þeir eru bersýnilega neðar á blaði að mati stjórnvalda. Í flokki þeirra verkefna er magnesíumverksmiðjan sem er reyndar aðallega á snærum Hitaveitu Suðurnesja. Í nefndinni kom fram að hugmyndir um álver á vegum Kaiser Alumini-um eða zinkframleiðslu í Áburðarverksmiðjunni eru úr sögunni.

#### **Sérlög um skatta allra stóriðjufyrirtækjanna.**

Á fundi nefndarinnar var einnig fjallað sérstaklega um skattamálin og spurt hvort það væri ekki nokkuð sérkennileg staða að tiltölulega lítil sveitarfélög högnuðust verulega á stóriðju en nágrannasveitarfélögin hefðu lítið upp úr krafsinu; sum þeirra að vísu atvinnutækifæri en önnur lítið annað en mengun. Spurt var hvort ekki væri eðlilegt að hafa heildarlög, samfelld lög, í gildi fyrir öll þessi fyrirtæki. Fram kom að viðræður hafa verið í gangi á milli fjármálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins um þessi mál en engar niðurstöður liggja fyrir. Bent er á að eftir að aðstöðugjaldið var lagt niður hefur staðan breyst í þessum málum en það er viðurkennt af stjórnvöldum að núverandi fyrirkomulag er ekki heppilegt.

#### **Hvar á stóriðjan að vera? — Öll í Hvalfirði?**

Í umræðum um málið í nefndinni, og reyndar víðar, hafa komið fram ýmsar upplýsingar um staðarval verksmiðjanna á Grundartanga. Greinilegt er að stjórnvöld líta þannig á að staðirnir á Íslandi sem um er að ræða séu fjórir, þ.e. Grundartangi nr. 1, Keilisnes nr. 2, Dysnes í Eyjafirði nr. 3 og Reyðarfjörður nr. 4. Fram hefur komið opinberlega að það er skoðun stjórnvalda að ríkið eigi ekki að leggja fjármuni í undirbúning að stofnun stóriðjufyrirtækja nema staðbundin stjórnvöld vilji og hafi tryggt stóriðju á viðkomandi svæði. Til þess að fá óafturkræft framlag úr ríkissjóði þurfi staðbundin stjórnvöld með öðrum orðum að hafa tryggt stóriðjuna. Augljóst er hversu fráleitt þetta er vegna þess að greinilegt er að með þessu móti verða öll stóriðjufyrirtæki framtíðarinnar sett niður á Grundartanga eða Keilisnesi. Langlíklegast er að þau verði fleiri á Grundartanga þannig að þeim verði með öðrum orðum raðað inn eftir öllum Hvalfirði ef svo fer fram sem horfir. Í nefndinni kom einnig fram að iðnaðarráðherra hefur stofnað nefnd með umhverfisráðuneytinu um staðarval fyrir stóriðju; hefur sú nefnd ekki skilað neinu álitni en er í þann veginn að hefja störf.

#### **Rafmagnsverð í Reykjavík.**

Í nefndinni fóru fram umræður um hlut Reykjavíkurborgar í virkjunum vegna framkvæmda í Hvalfirði. M.a. var fullyrt að Nesjavallavirkjun mundi engin áhrif hafa á verð á heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur en verð á raforku mundi þróast í takt við þá verðlagsþróun á raforku sem um væri að ræða í landinu í heild. Bersýnilega var ekki gert ráð fyrir að verðlag á raforku yrði lækkað sérstaklega í Reykjavík vegna Nesjavallavirkjunarinnar. Fram kom að núvirði arðs Nesjavallavirkjunar er talið 1.260 millj. kr. og að arður af eigin fé er talinn vera yfir 7,66%. Í umræðum um málið kom fram að ekki hefur verið ákveðið hvað gert verður við hagnaðinn af Nesjavallavirkjun en ljóst er að borgaryfirvöld ráða því og verða að taka þar sérstaka ákvörðun fyrst ákveðið er að láta raforkuverð í Reykjavík ekki lækka meira en gerist annars staðar í landinu.

### Sól í Hvalfirði.

Talsmenn samtakanna Sól í Hvalfirði voru spurðir af hverju þeir hefðu ekki verið fyrir á ferðinni með mótmæli þar sem fyrir hafði legið um alllangt skeið að til stæði að þróa enn frekari stóriðju á Grundartanga. Þeir svöruðu því til að stjórnvöld hefðu mjög lengi verið að ræða um stóriðju og álver út um allt og því hefði ekki verið talin nein sérstök ástæða til þess að bregðast við þessu máli á Grundartanga fyrr en núna. Fram kom hjá talsmönnum Sól í Hvalfirði að þeir töldu að stjórnvöld hefðu ekki sinnt grundvallarkynningu í málinu og hefðu í raun og veru komið aftan að fólkinu með ákvörðun um álver á Grundartanga. Spurt var hvort vothreinsibúnaður við verksmiðjuna í Hvalfirði mundi ekki hafa alvarlegar afleiðingar fyrir lífríkið í Hvalfirði og fram kom í viðræðum við sérfræðinga að engin ástæða væri til að ætla að lífríki í Hvalfirði spilltist sérstaklega vegna vothreinsibúnaðar við álverið.<sup>1</sup> Einnig kom mjög skýrt fram frá forráðamönnum Sól í Hvalfirði að þeir töldu að rekstur álvers samrýmdist ekki þeim rekstri sem fyrir er í Hvalfirði. Þar hefðu menn m.a. lagt áherslu á þróun lífrænnar ræktunar og atvinnulíf í tengslum við ferðamennsku þannig að bersýnilega væri verið að breyta félagslegu og atvinnulegu umhverfi Hvalfjarðar í grundvallaratriðum og það snerti auðvitað ekki aðeins þá sem eru Hvalfjarðarstrandarmegin heldur einnig þá sem eru Kjósarmegin í Hvalfirði.

Sólarmenn gagnrýndu aðallega að ekki hefði verið talað við fólkið í Hvalfirði, þ.e. í Kjósinni, með eðlilegum hætti á undirbúningsstigi og var greinilegt að Kjósarmenn töldu sig sárt leikna af viðskiptum við stjórnvöld.

Forráðamenn Sól í Hvalfirði gáfu ítarlegt yfirlit yfir þróun mála, m.a. samskipti þeirra við umhverfisráðherra og skipulagsyfirvöld sem virtust ekki hafa verið með eðlilegum hætti. Fram kom í nefndinni að landbúnaðarþátturinn hefði ekki verið tekinn með í umhverfismati og skipulagsstjóri hefði viljað skoða hann betur. Hins vegar hefði umhverfisráðherra fullyrt að sá þáttur hefði verið skoðaður og væri þess vegna ástæðulaust að fara nánar yfir hann. Því er haldið fram að ekki hafi verið beðið um skoðun á landbúnaðarþættinum á undirbúningsstigi málsins, en Kristján Oddsson, bóndi á Neðra-Hálsi hafði þó sent inn boð sem vissulega munu hafa komið í tæka tíð samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum. Greinilegt er að héraðið er sérstaklega viðkvæmt fyrir stóriðju og á það einkum við um landbúnaðinn. Einnig hefur komið fram hjá þingmönnum stjórnarflokka að þeir skilja þessi sjónarmið vel, svo vel reyndar að þeir vildu ekki hafa álver í sínu nábýli þótt Kjósverjar megi búa við þetta.

Við annan tón kvað hjá íbúum í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar. Akurnesingar voru að vísu óhressir með það hversu lítið þeir hefðu fengið að koma að málinu og sögðu að óeðlilegt væri að járnblendid hefði áfram forgang að Grundartangahöfninni. Einnig kom fram að byggðarlögin í kringum verksmiðjurnar hafa miklar tekjur af þeim og voru færðar fram tölur því til sönnunar.

Spurt var að því í nefndinni hversu miklar tekjur hrepparnir, þ.e. Skilmannahreppur og Hvalfjarðarstrandarhreppur, hefðu af þessum verksmiðjum en talsmenn verksmiðjanna voru ekki með handbærar upplýsingar um það.

Aftur og aftur hefur þeim Sólarmönnum verið borið það á brýn að þeir hefðu mátt vita að gert væri ráð fyrir stóriðju í Hvalfirði. Þeir viðurkenna það en segja að í aðalskipulagi hafi ekki verið gert ráð fyrir stærsta stóriðjusvæði á Íslandi. Þess vegna sé hægt

<sup>1</sup> Greinargerð um vothreinsibúnað er birt sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

að halda því fram að komið hafi verið aftan að þeim. Þeir leggja aðaláherslu á það að áhrif á landbúnað og vatnsbúskap verði rannsökuð betur en gert hefur verið. Þeir skýrðu frá því að þeir væru að láta vinna fyrir sig greinargerð til rökstuðnings kröfum um vot-hreinsibúnað og sú greinargerð fylgir álitni þessu sem fylgiskjal I.

### **Óánægja á Akranesi.**

Greinilegt er að Akranesbær dregur ýmis mál inn í umræður um álverið á Grundartanga í samþykkt sem gerð er í bæjarstjórn Akraness 13. janúar 1997. Þar segir t.d. að framkvæmdir megi ekki hefjast „fyrir en samkomulag hefur náðst milli sveitarfélaga á svæðinu, ríkisins og álfyrirtækisins um lausn á þeim málum þannig að vatnstaka vegna núverandi byggðar sunnan Skarðsheiðar verði tryggð“. Í samþykkt bæjarstjórnarinnar beinir hún þeirri áskorun til Hollustuverndar ríkisins að tekjur af mengunareftirliti við iðnaðarfyrirtæki við Hvalfjörð og á Akranesi verði látnar standa undir starfi eftirlitsmanns á svæðinu sunnan Skarðsheiðar.

Þá segir bæjarstjórn Akraness m.a. að hún telji að „rannsóknir á mengunaráhrifum nýs álvers á Grundartanga séu ekki eins ítarlegar og æskilegt væri, sérstaklega veðurrannsóknir, svo sem fram kemur í mati á umhverfisáhrifum vegna byggingar álvers á Grundartanga, sbr. 6.4. Þó að hætta á mengun vatnsból Akurnesinga sé ekki mikil er hún þó fyrir hendi.“ Í ályktuninni gera þeir kröfu um að nýtt vatnsból verði kostað ef þörf verður á því vegna álversins. Í lok samþykktar sinnar frá 13. janúar 1997 segja þeir eftirfarandi: „Komi hins vegar í ljós að vatnsbólið mengast af álverinu, þó svo að álfyrirtækið uppfylli það starfsleyfi sem gefið verður út, áskilur Akraneskaupstaður sér rétt til skaðabóta fyrir öllu fjárhagslegu tjóni, beinu og óbeinu, úr hendi íslenska ríkisins.“ Þessari samþykkt beina þeir til félagsmálaráðherra og verður gengið eftir því í 2. umræðu um frumvarpið hvar þau mál eru á vegi stödd.

Bæjarstjórn Akraness gerði einnig mjög alvarlegar athugasemdir við starfsleyfi fyrir álverksmiðju á Grundartanga þar sem segir t.d. um grein 2.1.7: „Setja þarf strangari ákvæði um að fyrirtækið dragi úr útblástursmengun ef það fer umfram viðmiðunarmörk greinar 2.1.6. og að fyrirtækið sé ábyrgt fyrir hugsanlegu tjóni sem hljótast kann af því að starfsleyfum sé ekki fylgt. Orðalag greinarinnar um að Hollustuverndinni sé heimilt að krefjast aðgerða til úrbóta er ómarkvisst en eðlilegra er að kveða þannig að orði að Hollustuvernd ríkisins sé skylt að fylgja ákvæðum laga nr. 81 frá 1988, sbr. lög nr. 28 frá 1990, og sjá um að úrbætur verði gerðar án tafar.“ Um grein 2.3.2 segir: „Um almenna förgun fastra efna í fjörunni er nauðsynlegt að skilgreina mun betur þau efni sem heimilt verður að farga, það svæði sem heimilt verður að nota til förgunar, hvernig aðgangi að svæðinu skuli háttað og að binda slíka förgun skilyrðum um að hún valdi ekki mengun. Gera þarf ráð fyrir samráði við Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Akraness, hafnaryfirvöld og samþykki sveitarstjórnar.“ Síðan segir um grein 2.3.4: „Nauðsynlegt er að kveða á í greininni að óheimilt sé að skila spilliefnum frá starfsemi á annan stað en til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.“ Enn fremur leggur bæjarstjórn Akraness áherslu á að farið verði að tillögum skipulagsstjóra ríkisins frá 19. febrúar 1996 um at-huganir og mælingar en þær eru tilgreindar í 15 liðum þeirrar tillögu þannig að greinilegt er að í raun og veru hafa Akurnesingar miklar áhyggjur af málinu.

### **Álit minni hluta umhverfisnefndar.**

Á fundi umhverfisnefndar Alþingis 3. febrúar 1997 var samþykkt að taka sérstaklega til umfjöllunar drög að starfsleyfistillögum fyrir álver á Grundartanga. Að lokum skilaði

nefndin tvískiptu álit. Meiri hluti stjórnarflokkanna og þingflokks jafnaðarmanna skilaði sérstöku álit þar sem lýst er yfir stuðningi við stofnun álversins og jafnframt að umhverfiskröfur séu nægjanlegar. Þó gætir í texta meiri hlutans margvíslegra fyrirvara við málið sem benda til þess að einstakir þingmenn séu áhyggjufullir yfir ástandinu í umhverfismálum. Þar er t.d. viðurkennt að ekki hafi verið gerðar nægilegar rannsóknir á lífríki í nágrenni stóriðju hér á landi. Þá kemur fram að óbirt rannsókn, sem gerð var um miðjan níunda áratuginn, áður en fullkominn hreinsibúnaður var settur upp, bendi til þess að mengun frá álverinu hafi þá haft greinileg áhrif á tiltekinn gróður. Þessi síðbúna játning er mikilvæg vegna þess að þegar álverið var reist var öllum hugmyndum um mengunarnarvarnir hafnað sem fjarstæðu. Þá kemur fram að meiri hlutinn hefur áhyggjur af því að ekki verður settur upp vothreinsibúnaður því að hann viðurkennir í nefndarálitinu að endurskoða þurfi starfsleyfi hvað varðar mengunarkröfur og hreinsibúnað ef í ljós kemur að áætlanir um loftmengun standast ekki. Þannig að meiri hluti nefndarinnar hefur bersýnilega áhyggjur af stöðunni, kannski vegna þess að Kjósverjar hafa í raun og veru vakið menn til lífsins í þessum efnum; a.m.k. sést það á nefndarálit meiri hlutans að hann býr við verulega vanlíðan í þessu efni að ekki sé meira sagt. T.d. tekur meiri hlutinn undir kröfur um það að starfsaðstaða Hollustuverndarinnar verði bætt mjög verulega og eins og fram kemur í álit þess er minnt á nauðsyn þess að taka sérstaklega á vatnsmálum Akraneskaupstaðar í framhaldi af starfsemi álversins. Meiri hlutinn ákveður, eða lýsir því yfir, að hann muni leggja sérstaka áherslu á að nýta sér reynsluna af ferli þessa máls í tengslum við breytingarnar á skipulags- og byggingarlögum sem hafa verið til umræðu í nefndinni. Í lokaorðum meiri hlutans segir enn fremur að orðalag „starfsleyfistillögu mætti í mörgum tilfellum vera afdráttarlausara þannig að eftirlit og aðhald stjórnvalda yrði auðveldara“. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að „eftirlit með stóriðju, rannsóknir á áhrifum á lífríki landsins verði eflað til muna“. Því er alveg augljóst að hér er meiri hlutinn að gera nýjar kröfur á stjórnvöld í þessu máli og þar örlar jafnvel á því að æskilegt hefði verið að hafa álverið annars staðar en einmitt á Grundartanga. Í nefndarálitinu leggur meiri hlutinn enn fremur áherslu á að gengið verði „tryggilega frá þessum málum“ að því er varðar vatnsmál Akraneskaupstaðar og verður gengið eftir því við umræður um málið við 2. umræðu hvort á þeim málum hefur verið tekið með eðlilegum hætti.

Nefndarálit minni hluta umhverfisnefndar um þetta mál, umhverfismál álversins á Grundartanga, þ.e. álit Kristínar Halldórsdóttur og Hjörleifs Guttormssonar, er einkar ítarlegt og vel unnið. Þar er í fyrsta lagi bent á að grunnrannsóknir á lífríki og fleiri umhverfisþáttum í Hvalfirði vantar. Í öðru lagi er lögð á það áhersla að málsmeðferð hafi verið slæm, sérstaklega er gagnrýnd framganga markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og talað er um að þáttur umhverfisráðuneytisins í málsmeðferð vegna tillagnanna að starfsleyfi hafi verið afleit sem m.a. birtist í ítrekaðri lögleysu við breytingar á mengunarnareglugerð. Í greinargerð minni hlutans segir að tillögur að starfsleyfi gangi í mörgum atriðum gegn því sem réttmætt geti talist og þær taki ekki mið af eðlilegum tillögum um umhverfisvernd. Talað er um að mörk fyrir losun flúoríðs séu óhæfilega rúm og engin hreinsun ráðgerð á brennisteinsdíoxíði. Með verksmiðjunni í fullri stærð eykst losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi um 373 þús. tonn á ári sem svarar til 13% aukningar miðað við losun árið 1990. Enn fremur segir minni hlutinn að afstaða Hollustuverndar ríkisins til eftirlits með stóriðjurekstri sé allsendis ófullnægjandi. Bent er á að með álbræðslu á Grundartanga vaxi mengunarálag á Faxaflóasvæðinu og gæðum andrúmslofts muni hraka. Í greinargerð minni hlutans er rakinn ferill málsins, m.a. bent á að nýja verk-

smiðjan á Grundartanga muni fá tæki úr Töging-álverinu í Þýskalandi sem hafi keypt raforku frá vatnsorkuveri í ánni Inn sem rennur í Dóná. Miklar deilur hafi ítrekað orðið milli fyrirtækisins sem rak verksmiðjuna og bænda í nágrenni hennar um mengun, einkum á tímabilinu 1950 til 1980, m.a. vegna verulegra skemmda á skóglendi af rykmengun og sýkingar búfjár af völdum flúormengunar. Hafi staðið langvinn málaferli út af þessari verksmiðju sem enduðu með dómsátt í Landgericht í Bonn. Þá hafi verið ákveðið að loka verksmiðjunni. Því segir minni hlutinn að ljóst sé að verið sé að flytja hingað til landsins notaða verksmiðju og hætt er við að fleiri slíkar fylgi í kjölfarið. Í álitni minni hlutans er það sérstaklega gagnrýnt að svæðisskipulag skuli ekki hafa verið unnið samtímis fyrir Hvalfjarðarsvæðið í heild, þ.e. að Kjósarhreppur skuli ekki hafa átt hlutdeild í svæðisskipulaginu. Hvalfjörður er ein óskipt heild, m.a. með tilliti til stórframkvæmda í formi orkufreks iðnaðar, og væri auðvitað eðlilegt að þetta svæði væri skipulagt í heilu lagi. Í nefndarálitni minni hluta umhverfisnefndar er framganga markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar gagnrýnd harðlega og vísast til 6. kafla umsagnar minni hlutans. Í 7. kaflanum er bent á að sjö aðilar, m.a. framkvæmdaaðilar, hafi kært úrskurð skipulagsstjóra og umhverfisráðherra hafi fallist á kröfur þeirra og ógilt í meginatriðum úrskurðarorð skipulagsstjóra. M.a. hafi ráðuneytið hafnað því sjónarmiði að tengja allar framkvæmdir saman og takmarka eina framkvæmd við aðra eins og það er orðað í niðurstöðu ráðuneytisins. Þetta verður að telja varhugaverða niðurstöðu sem gæti skapað hættulegt fordæmi. Geta menn séð til hvers það leiðir ef hafnar eru t.d. framkvæmdir við verksmiðju án þess að búið sé að fjalla um mat og tryggja orkuöflun til hennar. Þannig skapast auðvitað óeðlilegur þrýstingur á málsmeðferð við mat á þeirri framkvæmd sem röðin kemur síðar að í mati. Í álitni minni hluta umhverfisnefndar varðandi tillögu að starfsleyfi kemur fram að athugasemdir hafi borist um það frá 54 aðilum sem sýni hversu umdeilt málið sé. Ráðherra hafi síðan gefið út reglugerð en aðdragandi málsins sé þó enn þá umdeildari. Ráðherra hafi gefið út reglugerð nr. 394 1996 sem breytti vissum atriðum mengunarvarnareglugerðar frá 1994 og síðan hafi ráðherra verið rekinn með það til baka, m.a. fyrir málafylgju Hjörleifs Guttormssonar. Síðan gaf ráðherrann enn út nýja reglugerð, nr. 26 1997. Um þessi mál hefur verið rætt utan dagskrár í vetur, síðast í dag, 15. maí 1997.

Fráleitt er að ætla nú að veita starfsleyfi fyrir þrjá byggingaráfanga verksmiðjunnar, allt upp í 180 þús. tonn, og eðlilegra hefði verið að takmarka það við 60 þús. tonn að sinni. Það er einnig alveg fráleitt að mati minni hluta iðnaðarnefndar að gefa starfsleyfið út til tíu ára en ekki fjögurra ára eins og lagt var til af minni hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Það hefur reyndar verið regla um starfsleyfi sem Hollustuvernd hefur sjálf gefið út og þau hafa gilt í fjögur ár. Hér er verið að gefa út starfsleyfi til tíu ára sem er algerlega fráleitt, m.a. væri nauðsynlegt að setja inn í starfsleyfið ákvæði um heimild og möguleika til endurskoðunar ef Íslendingar gerast aðilar að alþjóðasamþykktum um strangari mengunarvarnir og ef íslenskar reglur um þau efni yrðu strangari en nú. Í nefndarálitni minni hluta umhverfisnefndar segir að heildarflúor í losun samkvæmt heimiludum mörkum svari til þess að allt að 108 tonn af flúroríði berist árlega frá verksmiðjunni. Full rök eru til þess, segir í nefndarálitni minni hluta umhverfisnefndar, að heimila ekki meiri losun heildarflúoríðs frá verksmiðjunni en 0,4 kg á tonn af áli í stað 0,6 kg á tonn af áli; það er að þrengja losunarmörkin um 50% frá því sem starfsleyfið gerir nú ráð fyrir. Raunar hefði mátt ganga lengra því að víða erlendis er krafist 0,3 kg á tonn af áli. Parcom-viðmiðunin frá 1994 segir ekki nóg í þessu sambandi því að hún er mála-

miðlun ríkja við ólíkar aðstæður en við undirbúning þeirrar viðmiðunar gerðu Norðmenn tillögu um 0,4 kg af flúoríði á tonn af áli að hámarki þegar beitt er vothreinsun til viðbótar við þurrhreinsun. Í greinargerð Högna Hanssonar, forstöðumanns Hollustu- og heilbrigðiseftirlitsins í Landskrona í Svíþjóð, kemur fram að mörkin eru 0,3 kg á tonn af áli. Í tillögu meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi er ekki gert ráð fyrir neinni hreinsun á brennisteinstvíoxíði frá verksmiðjunni og tilgreind mörk samkvæmt starfsleyfinu byggjast á því að brennisteinsinnihald í forskautum fari ekki yfir 2%. Verði það hærra gilda ákvæði 2. gr. í starfsleyfinu sem hljóðar svo: „Ef rafskaut með nægilega lágu innihaldi brennisteins til þess að standast útblástursmörk skv. 2.1.6 eru ekki fánleg á samkeppnishæfu verði á heimsmarkaði skal þetta starfsleyfi endurskoðað.“ Sú endurskoðun getur ekki verið nema í eina átt, þ.e. til að heimila vaxandi mengun, nema menn hafi í huga að krefjast vothreinsunar. Hér er því um fráleitt ákvæði að ræða og allt of veikt. Minni hluti stjórnar Hollustuverndar ríkisins hefur tekið undir sjónarmið meiri hluta stjórnarinnar um að nauðsynlegt sé að afla gagna um mengun af völdum brennisteinsdíoxíðs hér á landi en ekki þurfi að bíða eftir slíkri úttekt til að gera kröfur til vothreinsunar. Minni hluti iðnaðarnefndar tekur undir þessi sjónarmið. Tilgreind losunarmörk fyrir brennisteinstvíoxíð eru 10–20 sinnum hærri en tíðkast í starfsleyfum álbræðsla á Norðurlöndum þar sem hvarvetna utan Íslands er notuð vothreinsun auk þurrhreinsunar. Full rök eru fyrir því að beita sömu aðferð hérlendis nema menn vilji kalla yfir sig vandamál vegna sýringar af völdum brennisteinssambanda. Með vothreinsun er jafnframt unnt að draga enn frekar úr flúoríðmengun. Röksemdir, sem haldið er fram gegn vothreinsun, eru að mati minni hluta nefndarinnar ekki haldbærar og unnt að koma í veg fyrir skaðlega mengun í sjó af hennar völdum.

Í nefndaráliti minni hlutans er bent á að Hollustuverndin hafi verið þeirrar skoðunar að ef álver yrði sett upp í Eyjafirði eða Reyðarfirði yrði að gera kröfur um vothreinsibúnað. „Hvers á Hvalfjörður að gjalda?“ spyr minni hluti iðnaðarnefndar.

Í skýrslu Skipulags ríkisins er fjallað um sambýli stóriðjuveranna tveggja á Grundartanga þar sem segir: „Ef ná ætti einhverjum árangri með vothreinsun útblásturs á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga væri nauðsynlegt að setja slíkan búnað einnig á búnað á útblástur frá verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf.“ Spurningin er: Getur verið að þessi nauðsyn og sambýlið við Íslenska járnblendifélagið hf. hafi orðið til þess að menn kröfðust ekki vothreinsibúnaðar af álverinu í Hvalfirði?

Í greinargerð minni hluta umhverfisnefndar er fjallað rækilega um alþjóðasamninga þá sem Íslendingar eru aðilar að í þessu sambandi og verður sú umfjöllun ekki endurtekin hér. Þar er einnig fjallað um föst úrgangsefni frá verksmiðjunni, sjónmengun, vatnsöflun, ófullnægjandi aðbúnað Hollustuverndar til eftirlits og þar er farið rækilega yfir nauðsyn þess að hefja grunnúttekt og rannsóknir á lífríki Hvalfjarðar. Þar er einnig þakkað fyrir öflugt viðnám heimafélks og er hér tekið undir þær þakkir. Einnig er minnt á að átökin um álverið í Hvalfirði snúist kannski ekki bara um lífríkið heldur séu þau fyrst og fremst almennt um atvinnustefnu, umhverfisgæði og ímynd Íslands. Undir það skal tekið hér.

### **Okkur var boðið þetta svæði!**

Fyrir Norðurál komu á fund iðnaðarnefndar Jón Sveinsson og Sigurður Arnalds og voru þeir m.a. spurðir um fjármögnun fyrirtækisins. Þeir bjuggust við að þeirri fjármögnun yrði lokið í maí. Þeir voru spurðir hvers vegna svo mikið hafi legið á, af hverju hafi endilega þurft að hefja framkvæmdir um páskana og efna þannig til enn frekari ófriðar



en ella hefði verið. Þeir viðurkenndu að það að fá starfsleyfið og að sýna að framkvæmdir væru hafnar væri grundvallaratriði til að geta lokið fjármögnunarferlinum. Það var með öðrum orðum þrýstingur um fjármuni sem réði starfsleyfisútgáfunni og vonandi er umhverfisráðuneytið ekki aðili að slíkri niðurstöðu. Þeir voru spurðir um viðbrögð Kjósverja og því var svarað svo að forstöðumenn Norðuráls hefðu oft hitt Kjósverja en samtök Kjósverja væru vandamál stjórnvalda.

Þeir sögðust aðspurðir ekkert vita um það hvort forusta fyrirtækisins yrði íslensk eða útlend en upplýstu að framkvæmdastjóri fyrirtækisins yrði bandarískur. Þeir sögðust ekki vita hvort á dagskrá væri að selja fyrirtækið eins og það lægi fyrir, Peterson væri einn eigandi fyrirtækisins. Þeir sögðu að spurningin um það hversu mikið eigið fé yrði lagt í fyrirtækið væri hluti af fjármögnunarviðræðum en þeir sögðust ímynda sér að eigið fé yrði 20–30% af heildarfjárfestingunni.

Þeir sögðust ekki vita mikið um staðarákvörðun en sögðu að svæðið hefði greinilega alltaf verið ætlað fyrir stóriðju: „Okkur var boðið þetta svæði.“ Þeir sögðust hafa byrjað á laugardegi fyrir páska því að þeir hefðu þekkt hjátrú verktaka að byrja alltaf á laugardögum og sögðu enn fremur að þeir væru sáttir við ákvæði starfsleyfisins um urðun úrgangsefna.

Þá viðurkenndu þeir að það væri alls ekki hugmyndin að málið kæmi aftur fyrir Alþingi, þ.e. þegar 60 þús. tonna verksmiðjan hefur verið byggð er ekki meiningin að málið komi aftur fyrir Alþingi þótt ákveðið yrði að fara í 180 þús. tonn. Hann skýrði frá því að 16,5 millj. kr. hefðu verið greiddar fyrir um 130 hektara lands. Um tvær spildur væri um að ræða og verðlagningin væri miðuð við sambærileg landakaup á þessu svæði áður. Annar kostnaður sem ríkið greiddi væri helst við flutning vegarins og um það væri ekkert sérstakt að segja.

Í nefndinni var fjallað um gjöld til sveitarfélaganna Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps vegna fyrirhugaðrar álbræðslu á Grundartanga. Verðmæti nýju bygginganna er áætlað 2 milljarðar 393 millj. kr., þ.e. húsnæðismannvirkis og lóðar. Þetta er álagningargrunnur. Fasteignarskattur, miðað við 0,75% af þessu, er því 17,9 millj. kr. Skatturinn verður bundinn íslenskri byggingarvísitölu frá 1. desember 1994 sem þá var 217,8 stig. Þá fá sveitarfélögin byggingarleyfisgjald. Gert er ráð fyrir að byggingarleyfisgjald fyrir fyrsta áfanga álbræðslunnar á Grundartanga, sem miðast við framleiðslugetuna 60 þús. smálestir af áli á ári, nemi 7,1 millj. kr. eða sem samsvarar 100 þús. dollurum. Þreföldun verksmiðjunnar þýðir væntanlega þrisvar sinnum hærri tölu eða 21–22 millj. kr.

Nefndinni barst bréf frá Jóni Sveinssyni lögmanni þar sem hann gerði grein fyrir kaupum á landi fyrir verksmiðjuna.

### **Skattar fyrirtækisins.**

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar, Steingrímur J. Sigfússon, taldi í sérstöku álitum að ýmsa þætti þessa máls, þ.e. skattana, hefði þurft að skoða betur. Í fyrsta lagi sé álitamál hvort yfirleitt eigi að stefna að sérsamningum af þessu tagi í stað þess að láta íslensk skattalög gilda, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sé heimild til sérsamninga nýtt skuli þeir gilda í að lágmarki 20 ár. Um ákvæði 5. gr. um undanþágu frá lögum og skattlagningu er það að segja að mörg atriði eru í sjálfu sér eðlileg, segir Steingrímur í álitum sínum, ef farið er út í sérsamninga um skattamál á annað borð. Annað orkar tvímælis. Þá eru ákvæði 6.–8. tölul. 5. gr. um ýmis gjöld til ríkis og sveitarfélaga hæpin. Sérstaklega er það skattstofninn, að skattarnir séu í reynd gerðir að samningsatriði, sbr. niðurlag

6. tölul. 5. gr., og tekur minni hlutinn undir tillögu meiri hlutans í því sambandi. Ljóst er einnig að ekki mun gæta jafnræðis milli sveitarfélaga á svæðinu hvað varðar ávinning af tilkomu verksmiðjunnar þannig að framkvæmdirnar geta samkvæmt frumvarpinu fært þeim tveimur sveitarfélögum, sem eiga lóðina sem verksmiðjan verður reist á, miklar tekjur en nágrannasveitarfélögin fá ekkert í sinn hlut. Mesta athygli minni hlutans vekur þó lokamálsgrein 5. gr. þar sem gert er ráð fyrir að félagið geti á hverju ári samningstímans frá og með árinu 2000 valið hvort það færir sig alfarið undir íslensk skattalög eða ekki. Félaginu verður þannig kleift að velja hvorn kostinn sem því verður hagstæðari á þeim tíma, þ.e. sérsamninginn eða hin almennu ákvæði íslenskra skattalaga. Ekki er gert ráð fyrir að íslenska ríkið hafi slíkan valrétt og verður það því bundið til 20 ára ef félagið ákveður að halda sig við samninginn. Loks er vert að vekja athygli á framtalsákvæði 9. gr. frumvarpsins sem sýnir í hnotskurn þann rúma rétt sem viðsemjendum Íslendinga er ætlaður í þessum samningum. Með ákvæðinu er félaginu heimilt að framselja t.d. lánveitanda alla skattasamninga sem það hefur gert við ríkið. Er þetta sagt nauðsynlegt vegna væntanlegrar verkefnafjármögnunar. Niðurstaða minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar er því sú að málið sé vanbúið til afgreiðslu og mun hann ekki styðja lögfestingu frumvarpsins. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar gerði einnig athugasemdir við 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi sveitarfélögum verði heimilt að leggja á fasteignaskatt „sem skal vera 0,85% af verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja eins og það er nánar skilgreint og um samið í samningum sem gerðir eru innan ramma þessara laga“. Meiri hlutinn telur að umrætt ákvæði feli í sér ákveðið framsal á skattlagningarvaldi til sveitarfélaganna og telur eðlilegra að binda skattinn við fastákveðna fjárhæð eða afmarka hann betur á annan máta í frumvarpinu.

Hér koma þess vegna fram mjög alvarlegar athugasemdir við skattlagningarþátt frumvarpsins sem nauðsynlegt er að taka til frekari skoðunar.

#### **Ekki endanleg þýðing til meðferðar.**

Nefndin fjallaði um og fékk til meðferðar sérstaklega drög að fjárfestingarsamningi milli Íslands og Columbia Ventures Corporation og Norðuráls á íslensku og ensku. Þessir textar reyndust vera trúnaðarmál. Þegar þeir voru lagðir fyrir nefndina var þýðingu í raun og veru ekki lokið þannig að nefndin fékk ekki í hendur endanlegan texta á íslensku. Það eitt út af fyrir sig er alvarlegt umhugsunarefni.

#### **MIL**

Talsmenn markaðsskrifstofu Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins komu einnig á fund iðnaðarnefndar, Geir A. Gunnlaugsson og Garðar Ingvarsson. Þeir gerðu grein fyrir því sem var í gangi, því sem væri fram undan o.fl. Fram kom að líklegt væri að sama tækni yrði notuð í stækkuninni í járnblendiverksmiðjunni og verið hefði. Þeir töldu mjög líklegt að álverið yrði stækkað í 180 þús. tonn og yrði notuð svokölluð 180 kílóamperatækni sem hefði gefist vel. Ljóst væri að hagkvæmnin yrði þeim mun meiri sem fyrirtækið væri stærra og þess vegna væru allar líkur á því að það yrði stækkað. Þeir voru spurðir af hverju Grundartangi hefði verið valinn og sögðu þeir að tvennt hefði ráðið: Litið hefði verið á Keilisnes og kostnaður við 60 þús. tonna álver á Keilisnesi hefði verið mjög mikill, það hefði þurft að endurbyggja höfn o.fl. sem hefði kostað verulega fjármuni, höfnin t.d. 25 millj. dollara. Aðalatriðið var að fá ódýrari hafnaraðstöðu og ýmsa þjónustu sem

er til staðar á Grundartanga. Spurt hefur verið: Fór MIL út fyrir starfssvið sitt með því að standa fyrir umhverfisathugun á Grundartanga fyrir verksmiðjuna? Svarið var að þeir sögðust einnig hafa sett í gang umhverfiskönnun í Straumsvík. Atlantsál hefði staðið fyrir öllum umhverfisathugunum á Keilisnesi sem þeir eiga þar með. Íslendingar hefðu átt athuganirnar upp frá og ekkert hefði orðið úr framkvæmdum þannig að það væri í raun og veru skynsamlegt að fara þessa leið. Þeir sögðu að Columbia-menn hefðu farið frá Þýskalandi vegna þess að raforkuverðið hefði hækkað verulega.

Þeir ræddu um Atlantsál, sögðu að það verkefni mundi taka langan tíma og kallaði á Austurlandsvirkjanir. Það væri stöðugt samband á milli íslenskra aðila og Atlantsálsaðilanna og yrði áfram. Þá greindu þeir frá því að rætt hefði verið við aðila í Þýskalandi og í Bandaríkjunum um að koma hér upp efnaiðnaði, rætt væri um magnesíumverksmiðju og rætt hefði verið um slípiefnaiðnað. Enn fremur hefði verið rætt við ýmis önnur fyrirtæki í Bandaríkjunum um efni til að framleiða silicon-málma o.fl. Þá nefndu þeir einnig stálbræðsluna í Hafnarfirði, sögðu að öll þessi verkefni væru í athugun, tækju út af fyrir sig langan tíma og væri fátt í hendi annað en það sem fyrir lægi.

Að öllu því samanlögðu sem hér hefur verið rakið leggur minni hlutinn til að frumvarpinu í því formi sem nú liggur fyrir verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** þar sem þess verði freistað að semja á ný um mengunarvarnir, staðsetningu og stærð álversins. Samningum verði lokið fyrir 30. júní 1997 og þing þá kallað saman á ný til að fjalla um málið.

Verði frávisunartillögunni hafnað flytur minni hlutinn til vara tvær breytingartillögur, aðra um að tillögur um stækkun álversins umfram 60 þús. tonn verði að leggja fyrir Alþingi á ný og hina um að alltaf verði notaður besti hugsanlegur mengunarvarnabúnaður við verksmiðjuna og að fyrirtækið verði búið vothreinsibúnaði við stofnun.

Verði þessar tillögur allar felldar mun minni hlutinn snúast gegn málinu í heild við 3. umræðu.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykkt nefndaráliti þessu.

Alþingi, 15. maí 1997.

Svavar Gestsson.

**Fylgiskjal I.****Greinargerð Sólarmanna  
til rökstuðnings kröfu um vothreinsibúnað.**

Samtökin óspillt land í Hvalfirði krefjast þess nú sem fyrr að ekki verði byggt álver á Grundartanga.

Verði álver byggt á Grundartanga setjum við fram eftirfarandi kröfur:

1. að tryggt verði að besti fáanlegi mengunarvarnabúnaður sé notaður, þ.e. vothreinsibúnaður ásamt þurrhreinsibúnaði (sjá greinargerð Högna Hanssonar),
2. að tryggt verði að íbúar við Hvalfjörð fái með formlegum hætti aðild að umhverfisvöktuninni bæði hvað snertir undirbúning og framkvæmd.

**Álver á Grundartanga. – Yfirlit.****Brot á skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum**

- Upplýsingaskylda var vanrækt. Kjósarhreppur einvörðungu tekinn með á seinni stigum og eftir umhvartanir
- Svæðið var fyrirvaralaust skilgreint sem stóriðjusvæði með undanþáguákvæðum skipulagslaga
- Tilskilið mat á áhrif á landbúnað í grennd hefur ekki verið framkvæmt
- Möguleikar á nauðsynlegri vatnsöflun eru ekki fyrir hendi

**Brot á stjórnsýslulögum**

- Oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps stóð fyrir umhverfismati hreppsins en var jafnframt að selja lóð undir álverið
- Umhverfisráðherra gaf úr starfsleyfið áður en úrskurðarnefnd hafði lokið störfum.
- Markaðskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL) fer með umboð íslenskra stjórnvalda til að semja við Columbia Ventures Corporation (CVC) en jafnframt fer MIL með umboð fyrir CVC hér á landi. MIL sendi inn athugasemdir við úrskurð skipulagsstjóra fyrir hönd CVC.

**Margfalt meiri mengun en leyfð er á Norðurlöndum**

- Leyfð eru brennisteinstvfoxíð mörk sem eru 21 kg / t Al. Í Sundsvall eru mörkin 0,7 kg / t Al
- Leyfð eru flúoröðmörk sem eru 0,6 kg / t AL. Í Sundsvall eru mörk þessi 0,3 kg / t Al
- Ákvæði um losun kerbrota og sora eru mun rýmri en á Norðurlöndum
- Með þessu eru Íslendingar að lækka mengunarbörskuld fyrir stóriðju á norðurhverli jarðar.

**Brot á alþjóðasáttmálum**

Álver eru sú stóriðja sem mengar hvað mest. Þar er meðal annars um að ræða losun á koltvíoxíði, brennisteinstvfoxíði, fúor or flúorkarbon efnun. Ljóst er að losunin brýtur í bága við eftirfarandi alþjóða sáttmála um loftmengun sem Íslendingar hafa staðfest:

- United Nations Framework Convention on Climate Change
- Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution
- Montreal Protocol on Substances That Deplete the Ozone Layer

**Notum fjármuni, orku og vinnuafli okkar betur**

Fskj. 1.

*Greinargerð Högna Hanssonar:*  
**Vothreinsibúnaður við álverið á Grundartanga.**  
 (28. apríl 1997.)

Samkvæmt skjali PARCOM „Description of Existing Techniques and Best Available Techniques in Aluminium Electrolysis Industry“ (Oslo and Paris Commissions 1996) er vothreinsibúnaður talinn til bestu tækni (BAT) við álver og minnkar vothreinsibúnaður sem settur er eftir þurrhreinsibúnaðinn brennisteinslosunina mikið. Samkvæmt sama skjali veldur vothreinsibúnaðurinn lítilli vatnsmengun. Hægt er að nota lút eða kalk til að hreinsa útblásturinn frá brennisteinstvíoxíði. Samkvæmt áður nefndu skjali PARCOM fer notkun vothreinsibúnaðar eftir því hvort metið er meira minnkuð losun brennisteinsútblasturs eða aukin vatnsmengun (eða gipsúrgangur ef ekki er losað í sjó). Samkvæmt þessu skjali er brennisteinstvíoxíðhreinsunin 90%. Losun brennisteinstvíoxíðs minnkar úr 17,0 kg/tonn af áli í 1,9 kg/tonn af áli. Flúoríð og rykútblasturinn minnkar einnig ef notaður er vothreinsibúnaður eftir þurrhreinsibúnaðinn.

Öll álver á Norðurlöndum nema Íslandi eru búin vothreinsibúnaði eftir þurrhreinsibúnaðinn. Það eru sjö álver í Noregi og eitt í Svíþjóð með samanlagða álframleiðslu um það bil 1.000.000 tonn af áli eða þriðjung allrar álframleiðslu í aðildarlöndum PARCOM.

Samkvæmt mengunarvarnareglugerð, 25. gr., skal halda loftmengun í lágmarki og allar viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun. Skal „beita til þess fullkomnustu tækni sem völ er á að því tilskildu að kostnaðurinn við beitingu tækninnar sé ekki óhóflegur. Heimilt er að beita strangari ákvæðum en í mengunarvarnareglugerð greinir vegna útblásturs frá iðjuverum ef loftmengun á svæði þar sem iðjuver er staðsett er sérstaklega mikil eða ef svæðið á að njóta sérstakrar verndar.“

Samkvæmt 26. gr. skal styrkur brennisteinstvíoxíðs og svifryks í lofti ekki vera yfir viðmiðunarmörkum. Skal í starfsleyfi loftmengandi iðjuvera tilgreina í hvaða fjarlægð frá verksmiðjuvegg ákvæði um viðmiðunarmörk skuli uppfyllt (30. gr.).

Það kemur vel í ljós í öllum gögnum um umhverfismat og starfsleyfi álversins á Grundartanga að þar er þegar í dag brennisteinstvíoxíðmengunin yfir viðmiðunarmörkum á stóru svæði þar sem eru mannbústaðir og landbúnaður vegna járblendiverksmiðjunnar. Viðmiðunarmörkin eru til þess að koma í veg fyrir að mengunin valdi skaða. Þynningarsvæðið ætti að takmarkast við það svæði þar sem iðnaðarstarfsemin fer fram. Svo er ekki á Grundartanga. Útblásturinn frá álverinu eykur óumflýjanlega styrk þeirrar brennisteinstvíoxíðmengunar sem fyrir er á Grundartanga. Það gerir það líka erfiðara að minnka þynningarsvæðið svo að búseta og landbúnaður sé ekki innan þynningarsvæðisins. Niðurstaðan sem verður að draga af þessu er að Grundartangi er óheppileg staðsetning fyrir nýja starfsemi sem getur valdið brennisteinstvíoxíðmengun. Ef álver þrátt fyrir þetta er staðsett á Grundartanga hlýtur að verða að útbúa það ströngustu hreinsitækjum sem völ er á til þess að draga úr brennisteinstvíoxíðmenguninni. Það er ekkert sem rennir rökum undir þá ákvörðun að fullkomnustu tækni sem völ er á sé ekki beitt á Grundartanga eins og kveður á um í mengunarvarnareglugerðinni. Kostnaðurinn er ekki óhóflegur þar sem önnur álver á Norðurlöndum, sem eru í samkeppni við álver á Íslandi og víðar, eru útbúin vothreinsibúnaði.

Ákvörðun PARCOMs er málamiðlun þar sem þau lönd sem vilja minnst ráða mestu. Þess ber að gæta að PARCOM kveður á um hvað telja beri lágmarkskröfur um fullkomnustu tækni, en ef betri tækni er til á að beita henni. Útblástur brennisteinstvíoxíðs frá álverinu í Sundsvall í Svíþjóð (GA Metall), sem byggt var 1985, var 0,7 kg/t ál árið 1995 samanborið við áætlaðan útblástur frá álverinu á Grundartanga, 21,0 kg/t ál.

Brennisteinstvíoxíð getur haft skaðleg áhrif á Íslandi þó að jarðvegur sé basískur. Brennisteinstvíoxíð hefur bein, skaðleg áhrif á gróður og á mannvirki. Ísland hefur skuldbundið sig til að fylgja varúðarreglunni, meðal annars vegna tilskipunar ráðs Evrópu-bandalagsins nr. 96/61/ESB (samkvæmt EES-samningnum). Ef varúðarreglunni er fylgt er óumflýjanlegt að beita bestu tækni til að minnka útblásturinn af brennisteinstvíoxíði. Ísland hefur ekki tekið þátt í umræðum um brennisteinsmengun á alþjóðavettvangi. Losunin af brennisteinstvíoxíði er 28.000 tonn á ári á Íslandi en í Svíþjóð er losun brennisteinstvíoxíðs 95.000 tonn á ári. Það þýðir 100 kg á hvern Íslending og 11 kg á hvern Svía á ári. Flestöll Evrópulönd hafa samþykkt að minnka brennisteinslosunina um 30 til 80% á tímabilinu frá 1980 til aldamóta. Sum lönd hafa sett styttri tíma til að ná markinu. Losunin reiknuð á íbúa er alla vega ekki rök fyrir því að auka losun brennisteinstvíoxíðs án hreinsiaðgerða.

Umhverfisráðherra hefur látið að því liggja að brennisteinsútbásturinn hefði notagildi fyrir bændur. „Bændur þurfa að nota töluvert af brennisteini vegna þess að þeir segja að hann skorti í okkar jarðveg“ hefur hann sagt í blaðaviðtali. Í handbók bænda 1996 varar Óttar Geirsson við að kaupa ódýran áburð vegna kostnaðar við úrbætur á því sem aflaga fer. „Það er t.d. vitað að ódýrasta köfnunarefnissambandið sem er á áburðarmarkaðnum er brennisteinssamband; brennisteinssúrt ammóníak. Það er því viðbúið að áburður, hvort heldur sem er eingildur köfnunarefnisáburður eða þrígildar áburðarblöndur, þar sem köfnunarefni er í brennisteinssamböndum, verði ódýr. Nú er hins vegar svo að brennisteins-efnissambönd köfnunarefnis sýra jarðveg meira og hraðar en önnur köfnunarefnissambönd og því er hætt við að kalka þyrfti oftast þar sem brennisteinssúrt ammoníak væri notað. Hagnaðurinn af að nota ódýran áburð væri því étinn upp af meiri kalkkostnaði.“ Áburðarframleiðendur í Svíþjóð reka líka áróður fyrir brennisteinsáburði þó að súra regnið sé vandamál hér. Lífrænn búskapur notar ekki brennisteinsáburð. Brennisteinn er fyrir í jarðveginum í nógu magni. Áburðarframleiðendur sem reyna að selja brennistein í áburði (t.d. Hydro Agri í Landskróna) telja að 10 kg á hektara á ári séu hæfileg áburðargjöf. Þau 3.000 tonn af brennisteini sem gert er ráð fyrir að álverið blási út jafngilda 22 kg af brennisteini á hvern hektara af ræktuðu landi á Íslandi. Enginn hygginn bóndi mundi þó bera allan áburðinn á lítinn skika af túninu. Bóndi norður í Þingeyjarsýslu hefur ekkert gagn af brennisteini sem borinn er á tún suður í Hvalfirði.

Í stuttu máli verður niðurstaðan sú að öll álver á Norðurlöndum — nema Íslandi — eru búin hreinsibúnaði sem minnkar útblástur af brennisteinstvíoxíði um að minnsta kosti 80%. Þessi búnaður verður að teljast besta tækni og getur ekki talist óhæfilega dýr. Þetta ætti þess vegna að vera sá staðall sem mengunarnareglugerðin gerir ráð fyrir. Þó svo að álverið í Straumsvík hafi ekki verið útbúið þessum hreinsibúnaði ætti að vera tími til kominn að besta tæknin sé notuð. Það er hægt að draga í efa að útblástur af brennisteini sé hættulaus og jafnvel gagnlegur fyrir íslenska náttúru. Varúðarreglan á að gilda og ef eftir henni er farið í þessu tilfelli á að útbúa álverið á Grundartanga með vothreinsibúnaði til viðbótar þurrhreinsibúnaðinum.

Fskj. 2.

### Úrskurðarnefnd samkvæmt 26. gr. laga nr. 81/1988.

Föstudaginn 9. maí 1997 kom nefndin saman til fundar á skrifstofu formanns hennar að Lágmúla 7, Reykjavík. Auk formanns Sigurmars K. Albertssonar hrl. sátu fundinn Gunnar Eydal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, og Ágúst Oddsson heilsugæslulæknir, vara- maður Halldórs Jónssonar héraðslæknis, en Halldór baðst undan því að taka þátt í þeim störfum nefndarinnar er varða fyrirhugað álver Norðuráls hf. á Grundartanga.

Tilfni fundarins er að taka til meðferðar og afgreiðslu kæru Hróbjarts Jónatanssonar hrl. f.h. Kjósarhrepps til nefndarinnar, dags. 25. mars 1997, en kæran barst til skrifstofu formanns nefndarinnar 1. apríl 1997. Kæru Hróbjarts Jónatanssonar hrl. fylgdu afrit af ýmsum bréfaskiptum vegna skipulagsmála í Hvalfirði, bréf Jónatans Sveinssonar hrl. til oddvita Kjósarhrepps vegna afskipta markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Lands- virkjunar af umhverfismati Grunartangasvæðis, tvö bréf Högna Hanssonar, Landskrona, Svíþjóð, skýrsla umhverfisnefndar Alþingis um starfsleyfistillögur fyrir álver á Grundar- tanga, svo og starfsleyfistillögur Hollustuverndar ríkisins ásamt greinargerð frá 11. nóv- ember 1996 og fylgigögnum.

Í kæru Hróbjarts Jónatanssonar hrl. segir orórétt: „Kjósarhreppur hefur falið mér að kæra tillögur Hollustuverndar ríkisins, dags. 7. mars 1997, að starfsleyfi fyrir álver á Grundartanga til ofangreindrar úrskurðarnefndar.“

Kröfum er skipt í aðal- og varakröfu og er aðalkrafan sú að tillögur stjórnar Hollustu- verndar ríkisins frá 7. mars 1997 verði ógiltar og lagt fyrir stjórnina að fresta frekari til- lögum til starfsleyfis þar til lögformlega hefur verið staðið að breytingu á skipulagi stór- iðnaðarsvæðis á Grundartanga, svo og stjórnsýslumeðferð við framkvæmd umhverfismats vegna fyrirhugaðs álvers á Grundartanga.

Til vara er þess krafist að tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins frá 7. mars 1997 verði breytt í fyrsta lagi í samræmi við tillögur Kristínar Einarsdóttur, stjórnarmanns í Hollustuvernd ríkisins, sbr. bréf til umhverfismálaráðherra, dags. 21. febrúar 1997, og í öðru lagi að starfsleyfi verði háð eftirgreindum skilyrðum: að urðun úrgangs verði ekki leyfð í flæðarmáli og að verksmiðjan og tilheyrandi mannvirki verði hulin frá sunnan- verðum Hvalfirði eftir því sem kostur er.

Kröfugerðinni fylgir rökstuðningur sem einkum snýr að því að brotið hafi verið gegn grundvallarreglum um hlutlausu og hlutlæga málsmeðferð með stjórnsýsluafgreiðslu á umsókn Columbia Aluminium Corporation um byggingu álvers á Grundartanga. Fullyrt er að tillaga hreppsnefndar Skilmannahrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps að deiliskipu- lagi fyrir stóriðnaðarsvæði á Grundartanga sem auglýst var með heimild Skipulags ríkis- ins hafi aldrei fengið lögboðna meðferð samkvæmt skipulagslögum, sbr. ákvæði skipu- lagsreglugerðar, og fyrir þessum sjónarmiðum færð frekari rök. Fullyrt er að oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps hafi verið vanhæfur til þess að taka þátt í afgreiðslu mála sem vörðuðu fyrirhugað álver á Grundartanga vegna viðskipta sinna með hluta jarðar sinnar Vestra-Kataness í Hvalfjarðarstrandarhreppi en hluti þeirrar jarðar fer undir fyrirhugað álver á Grundartanga. Vísað er til þess að sveitarstjórnir eru umsagnaraðilar um umhverf- ismat, sbr. lög nr. 63/1993, og þar sem þátttaka oddvita Hvalfjarðarstrandarhrepps í stjórnsýslumeðferð vegna fyrirhugaðs álvers hafi verið ólögmæt séu á framkvæmd og meðferð umhverfismatsins svo veigamiklir ágallar að ekki verði byggt á því óbreyttu við veitingu starfsleyfis undir álver. Einnig er því haldið fram að ekki hafi verið leitað eftir umsögn Kjósarhrepps við meðferð umhverfismats en slíkt hafi verið skylt að lögum. Þá

er nefnt að þáttur iðnaðarráðuneytis sem eiganda að markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar við meðferð á málum Columbia Aluminium Corporation um starfsleyfi sé brot á grundvallarreglum stjórnsýslulaga og þannig rökstutt að markaðsskrifstofan hafi annast framkvæmd og gerð umhverfismatsins og iðnaðarráðuneytið og Stjórnarráð Íslands þannig í sumu gætt hagsmuna Columbia Aluminium Corporation og verið úrskurðaraðili í deilum um umsókn álfyrirtækisins.

Að lokum eru tíundaðir ágallar sem fullyrt er að séu á umhverfismati og m.a. vísað til sjónarmiða Náttúruverndarráðs, Högna Hanssonar líffræðings, Landskrona, Svíþjóð, minni hluta umhverfisnefndar Alþingis, Guðmundar Sigvaldasonar jarðfræðings og Kristínar Einarsdóttur, stjórnarmanns í Hollustuvernd ríkisins, en sjónarmið þeirra eiga að leiða nægjanlega í ljós að umhverfismatið sé algerlega ófullnægjandi grundvöllur fyrir veitingu starfsleyfis fyrir álver á Grundartanga.

Forsaga málsins er sú að í Lögbirtingablaði, með útgáfudegi 6. nóvember 1996, birtist auglýsing frá Hollustuvernd ríkisins um starfsleyfistillögur fyrir álverksmiðju Columbia Ventures Company á Grundartanga. Í auglýsingunni er veittur frestur til 23. desember 1996 til að skila skriflegum athugasemdum við starfsleyfistillögurnar til Hollustuverndar ríkisins. Með auglýsingu í Lögbirtingablaði, með útgáfudegi 20. desember 1996, er þessi skilafrestur framlengdur til 13. janúar 1997.

Í gögnum, sem nefndin hefur aflað sér, kemur fram að fimmtíu og fjórir aðilar gerðu athugasemdir við starfsleyfistillögur Hollustuverndar ríkisins fyrir fyrirhugað álver á Grundartanga og er Kjósarhreppur einn þeirra. Í athugasemdum Kjósarhrepps sem koma fram í bréfi til Hollustuverndar ríkisins, dags. 12. janúar 1997, koma fram almenn mótmæli við byggingu álvers á Grundartanga, m.a. studd þeim rökum að rekstur stóriðju stríði gegn landbúnaði, ferðamannaþjónustu og útivist í Kjósarhreppi. Ástæða sé til að óttast aukna mengun í lofti og sjó auk þes sem sjónmengun fylgi fyrirhugaðri verksmiðju. Þá eru í athugasemdunum gerðir fyrirvarar við ýmsa kafla í tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi fyrir álver á Grundartanga, m.a. um tæknibúnað til mengunarvarna, eftirlit með mengun, stækkun þynningarsvæðis vegna jámblandiverksmiðjunnar á Grundartanga, auknar mengunarvarnarkröfur, auk fleiri atriða. Hollustuvernd ríkisins virðist hafa haft þann hátt á að gefa hverju erindi númer og er athugasemdum Kjósarhrepps gefið númerið 19. Á sérstökum skráum um athugasemdir sem Hollustuvernd ríkisins tók saman kemur talan 19 fyrir fjórtán sinnum og oft með númerum annarra þeirra sem sendu inn athugasemdir af svipuðum toga og fylgja stutt svör hverri athugasemd. Að öðru leyti virðist stjórn Hollustuverndar ríkisins ekki hafa fjallað um erindi Kjósarhrepps.

Kröfugerð Hróbjarts Jónatanssonar hrl. f.h. Kjósarhrepps, eins og hún kemur fram í kæru hans, dags. 25. apríl 1997, er önnur en þær athugasemdir sem Kjósarhreppur setti fram í bréfi sínu, dags. 12. janúar 1997, til stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Rökstuðningur og önnur sjónarmið sem hér skipta máli eru því eðli máls samkvæmt verulega frábrugðin þeim sem fylgdu athugasemdum Kjósarhrepps 12. janúar 1997. Úrskurðarnefndin lítur því svo á að með kæru frá 25. apríl 1997 sé ekki verið að kæra afgreiðslu stjórnar Hollustuverndar ríkisins á athugasemdum Kjósarhrepps frá 12. janúar 1997 heldur sé hér um sjálfstætt erindi að ræða.

Í 26. gr. laga nr. 81/1988 er tekið fram að rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, heilbrigðisreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, heilbrigðissamþykktar sveitarfélaga og ákvarðana heilbrigðisyfirvalda sé heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar. Séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar. Úrskurðarstigin eru samkvæmt þessu tvö og ljóst að ef



hin sérstaka úrskurðarnefnd á að fjalla um mál verður að liggja fyrir úrskurður stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Slíkur úrskurður liggur ekki fyrir í máli þessu.

Hins vegar hefur framhald atburða verið á þann veg að ráðherra umhverfismála hefur með bréfi, dags. 26. mars 1997, gefið út starfsleyfi fyrir álver Norðuráls hf. á Grundartanga á grundvelli afgreiðslu stjórnar Hollustuverndar ríkisins frá 21. febrúar 1997. Starfsleyfið er gefið út samkvæmt ákvæðum 72. gr. reglug. nr. 48/1994 sem væntanlega á sér stoð í 4. mgr. 16. gr. laga nr. 81/1988.

Við útgáfu starfsleyfis er Norðurál hf. aðili að öllum þeim málum þar sem mótmælt er eða gerðar eru aðrar og þá væntanlega auknar kröfur til tillagna þeirra sem Hollustuvernd ríkisins gerði og urðu grundvöllur starfsleyfis þess sem gefið var út af ráðherra umhverfismála 26. mars 1997.

Ákvæði 26. gr. laga nr. 81/1988 fela í sér að verkefni úrskurðarnefndar samkvæmt greininni eru þau ein að taka til endurskoðunar úrskurði stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Hvergi er til þess ætlast að nefndin taki til endurskoðunar ákvarðanir ráðherra umhverfismála, enda fer hann með yfirstjórn mála laga nr. 81/1988 skv. 4. gr. laganna og er raunar æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins að þessu leyti samkvæmt lögum nr. 133/1944. Eins og máli þessu er nú komið hefur ráðherra þegar tekið ákvörðun og gefið út starfsleyfi til Norðuráls hf. til reksturs álvers á Grundartanga. Nefnd skv. 26. gr. laga nr. 81/1988 getur ekki breytt eða hnekkkt þeirri ákvörðun og skiptir þá heldur ekki máli að heimilt hafi verið, ef réttara aðferða hefði verið gætt, að vísa ákvörðun stjórnar Hollustuverndar ríkisins frá 21. febrúar 1997 og tillögum hennar að starfsleyfi til úrskurðarnefndarinnar, en starfsleyfi Norðuráls hf., dags. 26. mars 1997, tekur til nánast allra atriða óbreyttra í tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins.

Í samræmi við framansagt verður að vísa máli þessa frá nefndinni.

*Úrskurðarorð:* Máli Kjósarhrepps er vísað frá úrskurðarnefnd skv. 26. gr. laga nr. 81/1988.

*Sigurmar K. Albertsson, formaður.*

*Ágúst Oddsson.*

*Gunnar Eydal.*

## Fylgiskjal II.

### **Álit efnahags- og viðskiptanefndar.**

(18. apríl 1997.)

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga (445. mál).

Frumvarpið gerir ráð fyrir að almennar íslenskar skattareglur muni gilda að langmestu leyti um byggingu og starfsemi hins fyrirhugaða álvers. Þó er vikið frá því í nokkrum atriðum. Hluti þess markast af því að um erlenda eignaraðila er að ræða. Þannig verður félaginu ekki heimilt að draga allt að 7% útborgaðs arðs frá skattskyldum tekjum. Það ákvæði íslenskra skattalaga hefði leitt til tekjutaps fyrir ríkissjóð. Á móti íþyngjandi áhrifum þessa fyrir félagið eru veittar ívilnanir á öðrum sviðum. Þegar heildaráhrifin eru

metin kemur í ljós að skatttekjur ríkisins verða svipaðar og ef almenn skattalög hefðu gilt óbreytt.

Meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar þykir sérstök ástæða til að gera athugasemdir við 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi sveitarfélögum verði heimilt að leggja á fasteignaskatt „sem skal vera 0,85% af verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja eins og það er nánar skilgreint og um samið í samningum sem gerðir eru innan ramma þessara laga“ eins og segir orðrétt í ákvæðinu. Meiri hlutinn telur að umrætt ákvæði feli í sér ákveðið framsal á skattlagningarvaldi yfir til sveitarfélaganna og telur eðlilegra að binda skattinn við fastákveðna fjárhæð eða afmarka hann betur á annan máta í frumvarpinu. Meiri hlutinn sér að öðru leyti ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við 5. gr., 6. gr. og 8. gr. frumvarpsins.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar, Steingrímur J. Sigfússon, telur að ýmsa þætti málsins hefði þurft að skoða betur. Í fyrsta lagi sé álitamál hvort yfirleitt eigi að stefna að sérsamningum af þessu tagi í stað þess að láta íslensk skattalög gilda, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ef nýtt er heimild til sérsamninga skuli þeir gilda í að lágmarki 20 ár. Um ákvæði 5. gr. um undanþágur frá lögum og skattlagningu er það að segja að mörg atriði eru í sjálfu sér eðlileg, ef farið er út í sérsamninga um skattamál á annað borð. Annað orkar tvímælis. Þá eru ákvæði 6.–8. tölul. 5. gr. um ýmis gjöld til ríkis og sveitarfélaga hæpin. Sérstaklega það að skattstofninn sé í reynd gerður að samningsatriði, sbr. niðurlag 6. tölul. 5. gr., og tekur minni hlutinn undir tillögur meiri hlutans í því sambandi. Ljóst er einnig að ekki mun gæta jafnræðis milli sveitarfélaga á svæðinu hvað varðar ávinning af tilkomu verksmiðjunnar þar sem framkvæmdirnar geta samkvæmt frumvarpinu fært þeim tveimur sveitarfélögum sem eiga lóðina sem verksmiðjan verður reist á miklar tekjur meðan nágrannasveitarfélög fá ekkert í sinn hlut.

Mesta athygli minni hlutans vekur þó lokamálsgrein 5. gr. þar sem gert er ráð fyrir að félagið geti á hverju ári samningstímans, frá og með árinu 2000, valið hvort það færi sig alfarið undir íslensk skattalög eða ekki. Félaginu verður þannig gert kleift að velja hvorn kostinn sem því verður hagstæðari á þeim tíma, þ.e. sérsamninginn eða hin almennu ákvæði íslenskra skattalaga. Ekki er gert ráð fyrir að íslenska ríkið hafi slíkan valrétt og verður það því bundið til 20 ára ef félagið ákveður að halda sig við samninginn. Loks er rétt að vekja athygli á framsalsákvæði 9. gr. frumvarpsins sem sýnir í hnotskurn þann rúma rétt sem viðsemjendum Íslendinga er veittur í þessum samningum. Með ákvæðinu er félaginu heimilt að framselja, t.d. til lánveitenda, alla skattsamninga sem það hefur gert við ríkið. Er þetta sagt nauðsynlegt vegna væntanlegrar verkefnafjármögnunar.

Niðurstaða minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar er því sú að málið sé vanbúið til afgreiðslu og mun hann því ekki styðja lögfestingu frumvarpsins.

### Fylgiskjal III.

#### Hollustuvernd ríkisins:

#### Upplýsingar um losun CO<sub>2</sub>/gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju. (10. apríl 1997.)

Samkvæmt beiðni iðnaðarnefndar tók Hollustuvernd ríkisins eftirfarandi upplýsingar saman. Vinsamlegast athugið að nú er verið að vinna að nýrri stöðuskýrslu fyrir Ísland vegna samningsins um loftslagsbreytingar. Allir útreikningar hafa verið yfirfarnir í samræmi við nýlegar leiðbeiningar frá IPCC (Intergovernmental Panel on Climate Change) og hafa ekki birst opinberlega.

Auk töflunnar hér að neðan eru hjálagaðar þrjár töflur sem sýna:

- losun CO<sub>2</sub> eftir atvinnugreinum í þúsundum tonna frá 1982–2000,
- hlutfallslega skiptingu CO<sub>2</sub>-losunar eftir atvinnugreinum,
- losun gróðurhúsalofttegunda í heild í þúsundum tonna CO<sub>2</sub>-ígilda og losun á óbeinum gróðurhúsalofttegundum;

súlurit sem sýnir losun CO<sub>2</sub> á mann í Evrópulöndum (ath. einungis losun á CO<sub>2</sub> árið 1994); graf sem sýnir heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á landinu með og án tilkomu aukinnar stóriðju eftir 1990 og spá til ársins 2025. Ath. að stór hluti aukningarinnar eftir aldamót tengist yfirfærslu frá ósoneyðandi efnum (HCFC) í HFC (vetnisflúorkolefni). Stærsti hlutinn liggur í kælikerfum skipaflotans. Verði yfirfært í aðra kælimiðla, svo sem ammóníak, gengur spáin ekki eftir. Ath. að áhrif vegna losunar lofttegunda sem eru taldar valda gróðurhúsaáhrifum óbeint eru ekki heilduð (þ.e. CO<sub>2</sub>, NO<sub>x</sub> og NMVOC).

Eftirfarandi tafla gefur til kynna losun frá iðnaðarferlum, þ.e. losun sem verður vegna hráefnisnotkunar (t.d. frá rafskautum ÍJ og ÍSAL, kolum/koksi í ÍJ og notkun skeljasands hjá Sementsverksmiðju). Eldsneytisnotkun fyrirtækjanna fellur undir liðinn „iðnaður“ og vegur þar um 20–25% (65–70% losunar undir „iðnaður“ má heimfæra á fiskmjölsverksmiðjur).

Stóriðja Iðnaðarferli	Stærð tonn	CO <sub>2</sub> þús.tonn	CO <sub>2</sub> %	FC <sup>2)</sup> Tonn	Samtals þús.tonn CO <sub>2</sub> -ígildi
Losun árið 1995	1995	1995	1995	1995	1995
ÍSAL hf	100.000	151	7	8	208 <sup>1)</sup>
Íslenska Járnblendifélagið hf	71.000	238	10		238
Sementsverksmiðjan hf	81.000	36	2		36
Samtals:		425	19	8	482
Staðfest stóriðja (spá)	1998-2000	1998-2000		1998-2000	1998-2000
Stækkun ÍSAL um 60 þ.t.	60.000	90		5	125
Stækkun ÍJ um 40 þ.t.	40.000	135			135
Norðurál hf	60.000	90		5	125
Samtals:		315		5	385
Áformuð stóriðja (spá)	20xx	20xx		20xx	20xx
Stækkun Norðuráls hf	120.000	180		10	250 <sup>1)</sup>
Stækkun ÍJ á Grundartanga	40.000	135			135
Alver á Keilisnesi	300.000	450		25	625 <sup>1)</sup>
Magnesiumverksmiðja á Revkjanesi	50.000	380			380
Samtals:		1145		40	1390

1) Flúorkolefni CF4 hefur ígildisstuðulinn 6300 (CO<sub>2</sub>-ígildi) og C2F6 12500 (CO<sub>2</sub>-ígildi)

2) Flúorkolefni

Undirritaður hefur ekki undir höndum upplýsingar um mannfjölda eftir starfsgreinum og því var ekki unnt að gefa upplýsingar um CO<sub>2</sub>-losun á starf.

Með bestu kveðju,  
Einar Pálsson.

Fskj. 1.

Heldarlosun CO <sub>2</sub>	1982 CO <sub>2</sub> þús. t.	1983 CO <sub>2</sub> þús. t.	1984 CO <sub>2</sub> þús. t.	1985 CO <sub>2</sub> þús. t.	1986 CO <sub>2</sub> þús. t.	1987 CO <sub>2</sub> þús. t.	1988 CO <sub>2</sub> þús. t.
<b>1 Orka (brennsla og uppgufun)</b>	<b>1444,32</b>	<b>1451,41</b>	<b>1498,18</b>	<b>1457,28</b>	<b>1514,44</b>	<b>1609,46</b>	<b>1703,35</b>
A Eldsneytisbrennsla	1390,32	1397,41	1444,18	1404,28	1461,44	1555,65	1649,55
1 Orka og orkuumbr.	7,31	5,08	2,22	2,22	2,22	3,18	4,45
2 Iónaður	179,80	187,63	261,58	262,86	253,87	245,67	285,34
3a Flugsamgöngur	22,04	23,11	22,74	26,09	27,62	31,37	29,79
3b Vegasamgöngur	484,95	488,44	504,27	511,73	530,41	577,74	603,39
3d Fiskiskip	539,10	557,52	533,73	481,08	536,63	584,77	613,80
3dii Önnur skip	51,25	50,40	53,20	58,14	61,73	62,86	55,00
4 Verzlun/þjónusta	-	-	-	-	-	3,67	4,21
5 Húshitun	105,87	85,22	65,75	61,98	48,84	44,33	51,04
6 Landbúnaður	-	-	-	-	-	-	-
7 Annað	-	-	0,68	0,18	0,13	2,06	2,53
8 Lífmassi (utan samt.)	69,23	69,23	69,23	69,23	69,23	84,53	101,64
B Uppgufun	-	-	-	-	-	-	-
1 Olla	-	-	-	-	-	-	-
C Jarðhit	54,00	54,00	54,00	53,00	53,00	53,81	53,81
1 Jarðhitavirkjanir	54,00	54,00	54,00	53,00	53,00	53,81	53,81
D Annað	-	-	-	-	-	-	-
2 Iónaðarferli	316,59	356,84	404,61	407,30	437,08	404,15	409,51
A Járn og stáliónaður	144,32	188,26	230,82	240,51	267,37	212,08	216,31
B Málmíónaður	116,14	115,57	123,65	115,20	119,22	136,09	134,18
C Ólífrænn efnaiónaður	-	-	-	-	-	-	-
D Lífrænn efnaiónaður	-	-	-	-	-	-	-
E Steinelniónaður	56,13	53,00	50,14	51,59	50,49	55,97	59,02
F Annað	-	-	-	-	-	-	-
3 Leysiefnanotkun	-	-	-	-	-	-	-
A Málning	-	-	-	-	-	-	-
B Alfitun og þurrhreinsun	-	-	-	-	-	-	-
C Efnatramleiðsla/framköllun	-	-	-	-	-	-	-
D Annað	-	-	-	-	-	-	-
4 Landbúnaður	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50
A Inni gerjun	-	-	-	-	-	-	-
B Húsdýraúrgangur	-	-	-	-	-	-	-
C Hrisgrjónarækt	-	-	-	-	-	-	-
D Landbúnaðarjarðvegur	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50
E Landbúnaðanúrgangur	-	-	-	-	-	-	-
F Savanna bruni	-	-	-	-	-	-	-
G Annað	-	-	-	-	-	-	-
5 Bræyting landnotk. og skógr.	-	-	-	-	-	-	-
A Skógareyðing og brennsla	-	-	-	-	-	-	-
B Umbr. graslendis	-	-	-	-	-	-	-
C Yfirgefið ræktarland	-	-	-	-	-	-	-
D Skógrækt	-	-	-	-	-	-	-
E Annað	-	-	-	-	-	-	-
6 Úrgangur	-	-	-	-	-	-	-
A Sorplörgun	-	-	-	-	-	-	-
B Frárænnsla	-	-	-	-	-	-	-
C Annað	-	-	-	-	-	-	-
<b>Milliflandanotkun (utan samtölu)</b>	<b>148,69</b>	<b>143,31</b>	<b>195,15</b>	<b>226,83</b>	<b>264,60</b>	<b>307,84</b>	<b>305,50</b>
<b>Samtals (án lífmassa og millifl.)</b>	<b>1765,41</b>	<b>1812,75</b>	<b>1907,28</b>	<b>1869,08</b>	<b>1856,02</b>	<b>2018,11</b>	<b>2117,37</b>



Helldarlausun CO2 í %	1982 CO2 %	1983 CO2 %	1984 CO2 %	1985 CO2 %	1986 CO2 %	1987 CO2 %	1988 CO2 %	1989 CO2 %	1990 CO2 %	1991 CO2 %	1992 CO2 %	1993 CO2 %	1994 CO2 %	1995 CO2 %	1996 CO2 %	1997 CO2 %	1998 CO2 %	1999 CO2 %	2000 CO2 %
1 Orka (brennsla og uppgufun)	81,8%	80,1%	78,6%	78,0%	77,4%	79,8%	80,4%	80,3%	81,6%	82,5%	83,4%	82,1%	81,7%	81,2%	81,6%	81,7%	77,4%	75,1%	72,5%
A Eldsneytisbrennsla									64,1%										
1 Orka og orkuumbr.	0,4%	0,3%	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%	0,1%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
2 Iðnaður	10,2%	10,4%	13,7%	14,1%	13,0%	12,2%	13,5%	11,5%	11,3%	8,4%	10,7%	11,0%	10,1%	9,3%	10,2%	10,1%	9,4%	9,0%	8,6%
3a Flugsamgöngur	1,2%	1,3%	1,2%	1,4%	1,4%	1,6%	1,4%	1,5%	1,5%	1,2%	1,1%	1,0%	1,3%	1,0%	1,0%	0,9%	0,9%	0,9%	0,9%
3b Vegasamgöngur	27,5%	26,9%	26,4%	27,4%	27,1%	28,6%	28,5%	29,1%	29,3%	31,0%	29,5%	28,4%	29,2%	29,9%	29,6%	30,0%	28,7%	28,2%	27,3%
3di Fiskiskip	30,5%	30,8%	28,0%	25,7%	27,4%	29,0%	29,0%	29,8%	30,5%	32,7%	33,7%	33,5%	33,5%	33,8%	33,3%	33,3%	31,5%	30,4%	29,5%
3di Önnur skip	2,9%	2,8%	2,8%	3,1%	3,2%	3,1%	2,6%	2,9%	2,8%	2,6%	2,5%	2,6%	2,5%	1,6%	2,5%	2,5%	2,3%	2,2%	2,1%
4 Verslun/þjónusta	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,2%	0,2%	0,3%	0,3%	0,3%	0,2%	0,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
5 Húshitun	6,0%	4,7%	3,4%	3,3%	2,5%	2,2%	2,4%	2,6%	2,0%	1,9%	1,8%	1,6%	1,6%	1,4%	1,3%	1,3%	1,2%	1,1%	1,0%
6 Landbúnaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
7 Annað	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
8 Lífmassi (utan samt.)	3,9%	3,8%	3,6%	3,7%	3,5%	4,2%	4,8%	4,5%	4,4%	4,4%	3,9%	3,3%	3,1%	2,8%	2,7%	2,6%	2,3%	2,3%	2,1%
B Uppgufun																			
1 Olla	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C Jarðhiti	3,1%	3,0%	2,8%	2,8%	2,7%	2,7%	2,5%	2,6%	3,7%	3,8%	3,6%	3,4%	3,5%	3,5%	3,4%	3,4%	3,2%	3,1%	2,9%
1 Jarðhitavirkjanir	3,1%	3,0%	2,8%	2,8%	2,7%	2,7%	2,5%	2,6%	3,7%	3,8%	3,6%	3,4%	3,5%	3,5%	3,4%	3,4%	3,2%	3,1%	2,9%
D Annað																			
2 Iðnaðarferli	17,9%	19,7%	21,2%	21,8%	22,3%	20,0%	19,3%	19,4%	18,2%	17,3%	16,4%	17,7%	18,0%	18,6%	18,2%	18,1%	22,4%	24,7%	27,3%
A Járn og stáliðnaður	8,2%	10,4%	12,1%	12,9%	13,7%	10,5%	10,2%	10,7%	9,5%	8,3%	8,3%	10,0%	9,9%	10,4%	10,3%	10,2%	9,6%	10,6%	13,8%
B Málmíðnaður	6,6%	6,4%	6,5%	6,2%	6,1%	6,7%	6,3%	6,3%	6,4%	6,7%	6,1%	6,0%	6,5%	6,6%	6,5%	6,5%	11,5%	12,8%	12,2%
C Ólífrænn efnaiðnaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D Lífrænn efnaiðnaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
E Steinfnaðiðnaður	3,2%	2,9%	2,6%	2,8%	2,6%	2,8%	2,8%	2,4%	2,4%	2,3%	2,0%	1,7%	1,6%	1,6%	1,4%	1,4%	1,3%	1,3%	1,2%
F Annað	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
3 Leysisfnanotkun	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
A Málning	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
B Afritun og þurrfrænsun	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C Efnaframleiðsla/framkólun	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D Annað	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
4 Landbúnaður	0,3%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
A Innni gerjun	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
B Húsdýraurfgangur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C Hrisgrjónarækt	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D Landbúnaðarjarðvegur	0,3%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
E Landbúnaðarurfgangur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
F Savanna brunni	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
G Annað	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
5 Breyting landnotk. og skógr.	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
A Skógaræyðing og brennsla	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
B Umbr. graslendis	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C Yfirgefið ræktarlend	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D Skógrækt	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
E Annað	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
6 Urfgangur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
A Sorplöngun	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
B Frárensli	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C Annað	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Milliflandanotkun (utan samtölu)	8,4%	7,9%	10,2%	12,1%	13,5%	15,3%	14,4%	17,1%	14,8%	12,6%	12,0%	12,7%	13,6%	16,5%	14,4%	14,8%	14,1%	14,1%	14,0%
Samtals (án lífmassa og millifland)	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00

Helldarlausun GHG í CO2 ígildum	1982 þús.t.	1983 þús.t.	1984 þús.t.	1985 þús.t.	1986 þús.t.	1987 þús.t.	1988 þús.t.	1989 þús.t.	1990 þús.t.	1991 þús.t.	1992 þús.t.	1993 þús.t.	1994 þús.t.	1995 þús.t.	1996 þús.t.	1997 þús.t.	1998 þús.t.	1999 þús.t.	2000 þús.t.
CO2	1765,41	1812,75	1907,29	1869,08	1956,02	2018,11	2117,37	2101,52	2147,43	2068,36	2197,62	2302,27	2265,32	2282,37	2323,20	2335,04	2485,04	2573,30	2697,54
CH4	166,65	160,41	164,32	165,14	160,79	155,13	153,26	152,97	154,25	152,49	150,50	150,38	151,97	149,87	151,67	151,07	146,66	147,31	148,32
N2O	77,03	76,67	76,52	127,11	126,68	125,30	122,38	124,95	127,08	122,57	114,95	117,37	117,64	122,40	129,88	131,38	131,78	141,34	141,96
HFC	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	0,47	1,56	3,12	25,01	28,61	33,38	38,15	42,92	47,69
FC	419,06	419,06	419,06	419,06	419,06	419,06	419,06	230,18	303,97	249,14	109,67	53,48	41,03	57,00	57,00	57,00	107,45	123,70	123,70
Heild samtals	2428,15	2468,69	2567,19	2580,38	2662,55	2717,60	2812,07	2609,62	2732,74	2592,56	2573,21	2625,05	2579,08	2636,64	2690,36	2707,87	2909,08	3028,57	3159,21

Helldarlausun óbeldnra GHG	1982 þús.t.	1983 þús.t.	1984 þús.t.	1985 þús.t.	1986 þús.t.	1987 þús.t.	1988 þús.t.	1989 þús.t.	1990 þús.t.	1991 þús.t.	1992 þús.t.	1993 þús.t.	1994 þús.t.	1995 þús.t.	1996 þús.t.	1997 þús.t.	1998 þús.t.	1999 þús.t.	2000 þús.t.
Úlstreymi NOx	21,24	21,77	21,69	20,55	22,27	23,96	24,92	25,31	26,27	26,75	28,44	29,34	29,20	28,41	28,74	28,07	28,32	27,26	27,66
Úlstreymi NMVOC	7,74	7,58	7,73	7,95	8,44	11,95	12,57	12,56	12,78	14,27	14,11	13,59	14,19	12,00	12,28	10,37	10,50	7,89	7,97
Úlstreymi CO	44,16	43,16	44,13	45,46	48,18	53,56	57,13	57,01	58,16	59,20	60,69	59,91	60,30	49,40	50,85	39,73	40,32	26,33	26,77


Úlstreymi SF6																			
---------------	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

Helldarlausun GHG	1982 þús.t.	1983 þús.t.	1984 þús.t.	1985 þús.t.	1986 þús.t.	1987 þús.t.	1988 þús.t.	1989 þús.t.	1990 þús.t.	1991 þús.t.	1992 þús.t.	1993 þús.t.	1994 þús.t.	1995 þús.t.	1996 þús.t.	1997 þús.t.	1998 þús.t.	1999 þús.t.	2000 þús.t.
CO2	1765,41	1812,75	1907,29	1869,08	1956,02	2018,11	2117,37	2101,52	2147,43	2068,36	2197,62	2302,27	2265,32	2282,37	2323,20	2335,04	2485,04	2573,30	2697,54
CH4	15,15	14,58	14,94	15,01	14,62	14,10	13,93	13,91	14,02	13,86	13,68	13,67	13,82	13,62	13,79	13,73	13,33	13,39	13,48
N2O	0,25	0,25	0,25	0,41	0,41	0,40	0,39	0,40	0,41	0,40	0,37	0,38	0,38	0,39	0,42	0,42	0,43	0,46	0,46
HFC-134a	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	0,0004	0,0012	0,0024	0,0031	0,0036	0,0042	0,0048	0,0054	0,0060
HFC-125											-	-	-	0,0039	0,0044	0,0052	0,0059	0,0066	0,0074
HFC-152a											-	-	-	0,0009	0,0010	0,0011	0,0013	0,0015	0,0016
HFC-143a											-	-	-	0,0026	0,0030	0,0035	0,0040	0,0045	0,0050
FC	0,06	0,06	0,06	0,06	0,06	0,06	0,06	0,03	0,04	0,04	0,02	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,02	0,02	0,02

Fskj. 2.


# Samamburður við Evrópu





Fskj. 3.

### Útstreymi gróðurhúsalofttegunda



**Fylgiskjal IV.**

*Seðlabanki Íslands,  
alþjóðasvið:*

**Alþjóðlegt mat á láns hæfi ríkissjóðs.**

(12. apríl 1997.)

Bandarísku matsfyrirtækin Moody's Investors Service og Standard & Poor's Corp. tilkynntu bæði á árinu 1996 hækkun á alþjóðlegu láns hæfismati á ríkissjóði. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi tvö fyrirtæki breyta láns hæfiseinkunnum Íslands frá því að þau gáfu ríkissjóði fyrst einkunn árið 1989. Auk þess gaf Standard & Poor's skuldbindingum ríkissjóðs í innlendi mynt láns hæfiseinkunn í fyrsta sinn. Seðlabankinn annast reglubundin samskipti við alþjóðleg matsfyrirtæki fyrir hönd ríkissjóðs og annast alþjóðasvið bankans framkvæmdina.

Þróun í fjármálaviðskiptum hefur aukið þörf á hlutlægu mati á láns hæfi lántakenda, fyrirtækja jafnt sem opinberra aðila. Á alþjóðlegum vettvangi kveður mest að bandarísku fyrirtækjunum Moody's og Standard & Poor's. Reynslan sýnir að láns hæfismat eða einkunn þessara fyrirtækja getur mjög greitt fyrir aðilum sem leita eftir lántöku á alþjóðlegum markaði. Alþjóðlegar lánastofnanir reiða sig að verulegu leyti á einkunnir þessara fyrirtækja þegar þau taka ákvarðanir um vexti og önnur lánskjör. Margir stofnanafjárfestar hafa sett sér reglur um láns hæfismat sem grundvöll fjárfestinga og kaupa þá t.d. skuldabréf því aðeins að fullnægt sé lágmarksskilyrðum um láns hæfiseinkunn.

**1. Láns hæfiseinkunnir fyrir langtímalán**

Langtímat mat bandarísku matsfyrirtækjanna tveggja fyrir ríkissjóð hefur verið sambærilegt og skipar honum í hóp traustra lántakenda. Moody's gefur skuldbindingum Íslands til langs tíma einkunnina A1, en Standard & Poor's gefur langtímaeinkunnina A+, og eru þetta hæstu einkunnir innan A-einkunna flokks fyrirtækjanna. Hærri einkunna flokkar eru táknaðir með AA og AAA, og er síðarnefnda einkunnin hæsta einkunn sem veitt er. Fyrrgreint mat fyrirtækjanna á láns hæfi ríkissjóðs gefur til kynna sterka getu til að greiða vexti og endurgreiða höfuðstól. Sú geta er þó talin fremur undirorpin breytilegum ytri skilyrðum en á við um lántakendur í hærri einkunna flokkunum tveimur. Skuldabréf með láns hæfiseinkunnir þær sem hér hafa verið nefndar, þ.e. AAA, AA og A, mynda ásamt með bréfum með einkunnina BBB fjárfestingarflokk skuldabréfa. Bréf með lakari láns hæfiseinkunnir en hér hafa verið greindar teljast undirorpin mikilli áhættu.

## 2. Einkunnir fyrir skammtímalán

Vixlaútgáfa ríkissjóðs á evrópumarkaði hefur frá árinu 1989 verið studd mati fyrirtækjanna tveggja. Hefur mat þeirra á útgáfunni haldist óbreytt frá upphafi þar til Standard & Poor's tilkynnti hækkun á lánehæfi Íslands í mars 1996 úr A-1 í A-1+. Það er hæsti einkunnaflokkur fyrirtækisins fyrir skammtímalán og skipar henni á bekk með afburðasterkum útgáfum. Moody's gefur vixlaútgáfu ríkissjóðs á evrópumarkaði jafnframt hæstu einkunn fyrir skammtímaskuldbindingar og er hún táknuð með P-1. Hefur hátt lánehæfismat án efa átt þátt í að tryggja hin hagstæðu kjör sem ríkissjóður nýtur á vixlum þessum og stuðlaði hækkun lánehæfiseinkunnar frá Standard & Poor's á síðasta ári að töluverðri fjölgun kaupenda á vixlum ríkissjóðs.

Tafla 6. Alþjóðlegar lánehæfiseinkunnir ríkissjóðs

	Moody's	Standard & Poor's
Langtímalán í innlendri mynt	-	AA+
Skammtímalán í erlendri mynt	P-1	A-1+
Langtímalán í erlendri mynt	A1	A+
Horfur	jákvæðar	stöðugar

## 3. Nýjar lánehæfiseinkunnir á árinu 1996

### *Hækkun lánehæfiseinkunnar af hálfu Standard & Poor's*

Sendinefnd á vegum Standard & Poor's kom til Íslands til viðræðna við fulltrúa íslenskra stjórnvalda í nóvember 1995. Í kjölfar þess tilkynnti Standard & Poor's hinn 15. mars 1996 að fyrirtækið hefði hækkað mat sitt á lánehæfi Íslands. Fyrirtækið hækkaði einkunn á erlendum langtímaskuldbindingum úr A í A+. Einkunn á skammtímaskuldbindingum var hækkuð úr A-1 í A-1+, en það er hæsta einkunn sem fyrirtækið gefur fyrir skammtímalán. Standard & Poor's tilkynnti jafnframt að fyrirtækið hefði ákveðið að gefa langtímaskuldbindingum ríkissjóðs í innlendri mynt lánehæfiseinkunn. Er Íslandi gefin einkunnin AA+ í þessu sambandi. Einkunnin er gefin að frumkvæði Standard & Poor's án þess að sérstaklega hafi verið farið fram á hana af hálfu íslenskra stjórnvalda, rétt eins og þegar langtímaeinkunn varðandi skuldbindingar í erlendri mynt var fyrst gefin út.

Standard & Poor's rökstyður hækkun á lánehæfismati á þann veg að hún sé til marks um bættu hagstjórn, og hún dragi úr því, ásamt styrkri stjórn á auðlindum sjávar, hversu viðkvæmur þjóðarþúskaþurinn er annars fyrir ytri áföllum. Aukinn sveigjanleiki í ríkisfjármálum og peningamálum ætti að draga úr háu hlutfalli erlendra skulda opinberra aðila og um leið leggja grunn að stöðugri hagvexti í framtíðinni. Hærrí lánehæfiseinkunn fyrir innlendar skuldbindingar en erlendar er studd af mikilli getu til

að greiða af lánum í krónum vegna stjórnar á innlendu fjármálakerfi og tiltölulega hóflegs skuldahlutfalls ríkisins í heild. Innlenda einkunnin endurspeglar jafnframt tekjuöflunargetu ríkisins og lága verðbólgu.

Lánshæfiseinkunnir Standard & Poor's eru ennfremur rökstuddar með óskoruðum þjóðfélagslegum og pólitískum stöðugleika á Íslandi, efnahagslegum styrk, mannaúði, háum þjóðartekjum á mann og lágrri verðbólgu í alþjóðlegum samanburði. Standard & Poor's tekur fram að lánshæfiseinkunnum Íslands séu settar skorður vegna viðkvæmrar stöðu landsins út á við sem lýsir sér annars vegar í hærri hlutfalli erlendra skulda en að meðaltali fyrir ríki með svipaðar lánshæfiseinkunnir og hins vegar í háu hlutfalli sjávarafurða í vöruútflutningi. Þá telur fyrirtækið viðtæka þátttöku hins opinbera í efnahagslífinu, einkum í fjármálakerfinu, takmarka lánshæfi ríkissjóðs.

#### *Hækkun lánshæfiseinkunnar af hálfu Moody's*

Sendinefnd á vegum bandaríska matsfyrirtækisins Moody's Investors Service kom til Íslands til viðræðna við fulltrúa íslenskra stjórnvalda í janúar 1996. Í framhaldi af því tilkynnti Moody's hinn 10. apríl að ákveðið hefði verið að endurskoða lánshæfismat Íslands með hugsanlega hækkun fyrir augum vegna framfara í íslensku efnahagslífi. Myndi endurskoðun fyrirtækisins einkum beinast að stefnu stjórnvalda við að eyða halla á búskap hins opinbera sem og öðrum þáttum efnahagsstefunnar sem bætt geta skilyrði þjóðarinnar til að standa af sér hugsanleg efnahagsáföll í framtíðinni.

Fulltrúar Moody's komu hingað til lands á ný í júní 1996, og hinn 24. júní tilkynnti fyrirtækið að það hefði ákveðið að hækka mat sitt á lánshæfi Íslands. Hækkaði fyrirtækið einkunn á erlendum langtímaskuldbindingum um eitt stig eða í A1 úr A2. Moody's gefur skammtímalánum ríkissjóðs einkunnina P-1, en það er hæsta einkunn sem fyrirtækið veitir slíkum skuldbindingum.

Rökstuðningur Moody's fyrir hækkun á lánshæfiseinkunn Íslands byggist á því að skipulagsbreytingar íslenskra stjórnvalda í efnahagslífinu á tíunda áratugnum hafi skilað eftirtektarverðum árangri og auknið jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Efnahagslífið einkennist nú af litlum halla í rekstri hins opinbera, lágrri verðbólgu, stöðugu raungengi og fjálsaum vöru- og fjármagnsviðskiptum. Atvinnuleysi fari lækkandi þótt það sé þegar lágt á alþjóðlegan mælikvarða. Aukin markaðsstarfsemi einkenni efnahagslífið og m.a. nýlega í opinbera geiranum. Aukins fjálsræðis gæti sérlega í fjármáلالífinu. Þjóðarbúskapur Íslendinga sé mjög háður fiskveiðum, en líklegt sé að endurbætur á fiskveiðistjórn og aukinn fjölbreytileiki dragi úr áhrifum sveiflna í greininni í framtíðinni.

Moody's bendir á að stöðugleikinn á Íslandi og mikið framboð af ódýrri orku hafi vakið athygli erlendra fjárfesta. Ein stórframkvæmd fjármögnuð af erlendum aðilum sé þegar í gangi, þ.e. stækkun álversins í Straumsvík, og stuðli hún ásamt tiltölulega kröftugri innlendra eftirspurn að góðum hagvexti fram til 1998. Þessi hagstæðu skilyrði veiti stjórnvöldum færi á að eyða ríkishallanum. Erlendar skuldir í hlutfalli við landsframleiðslu og útflutning hafi lækkað að mun frá árinu 1994 vegna uppgangs í efnahagslífinu og endurgreiðslu erlendra lána af hálfu einkageirans. Takist stjórnvöldum að ná metnaðarfullum markmiðum sínum í ríkisfjármálum er líklegt að þessi hagstæða þróun haldi áfram.

Moody's leggur á það áherslu að vænta megi mikils hagvaxtar á Íslandi á næstu árum í ljósi aukinna umsvifa í fiskveiðum og erlendra stórfjárfestinga. Til að afstýra verðpenslu þurfi stjórnvöld að hafa hemil á hækkun raunlauna og aukningu útlána. Halda þurfi raungengi stöðugu, halda viðskiptajöfnuði í því horfi að ekki leiði til skuldaaukningar og ná jöfnuði eða afgangi í ríkisfjármálum til að geta lækkað skuldir sem safnast hafa á erfiðleikaárum. Eftir að hafa komið á jafnvægi í þjóðarbúskapnum á sama tíma og miklir erfiðleikar hafa dunið yfir aðalatvinnuveg þjóðarinnar blasi það verkefni við íslenskum stjórnvöldum að afstýra því að sveifluvandi fyrri ára endurtaki sig.

#### *Horfur um lánehæfiseinkunn Moody's*

Moody's Investors Service tók snemma árs 1997 upp þá nýbreytni að birta stuttar athugasemdir um horfur á hugsanlegum breytingum á lánehæfiseinkunnum. Í frétt fyrirtækisins sem gefin var út í Lundúnum 7. mars 1997 kemur fram að ætlunin sé að draga fram mat fyrirtækisins á hugsanlegum áhrifapáttum lánehæfiseinkunna 18-24 mánuði fram í tímann. Til þessa hefur Moody's birt lánehæfiseinkunnir ríkja án þess að tilgreina horfur um líklegar breytingar á komandi tíð.

Í frétt Moody's kemur fram um lánehæfiseinkunn Íslands að horfur um hana séu jákvæðar. Í stuttri umsögn fyrirtækisins segir að tekist hafi að draga úr skuldum hins opinbera með virkum aðgerðum á sviði hagstjórnar og fyrir áhrif bættra efnahagslegra skilyrða í þjóðarbúskapnum.

## 1. tafla Lánshæfiseinkunnir til langs tíma

Einkunnir í fjárfestingarflokki			Einkunnir í spákaupmennskuflokki		
S&P og aðrir	Moody's	Merking einkunnar	S&P og aðrir	Moody's	Merking einkunnar
AAA	Aaa	Hæsta einkunn, afburðagóð bréf	BB+	Ba1	Greiðslur líklegar, en óvissar
			BB	Ba2	
			BB-	Ba3	
AA+	Aa1	Há einkunn, mjög góð bréf	B+	B1	Mikil áhætta
AA	Aa2		B	B2	
AA-	Aa3		B-	B3	
A+	A1	Einkunn í góðu meðallagi, mikil greiðslugeta	CCC+		Yfirvofandi hættu á vanskilum eða í vansk.
A	A2		CCC	Caa	
A-	A3		CCC-		
BBB+	Baa1	Miðlungseinkunn, viðunandi greiðslugeta	C	Ca	Komið í gjaldþrot eða vanskil
BBB	Baa2		D	D	
BBB-	Baa3				

Skýring: Lánshæfiseinkunnir falla í tvo meginflokka, fjárfestingarflokk (e. investment grade) og spákaupmennskuflokk (e. speculative grade). Tvö helstu matsfyrirtækin nota eilítið mismunandi einkunnakerfi, en á milli þeirra ríkir samsvörun eins og sýnt er í töflunni.

## 2. tafla Lánshæfismat nokkurra ríkja

Land	Moody's	Standard & Poor's
Austurríki	Aaa	AAA
Belgía	Aa1	AA+
Bretland	Aaa	AAA
Danmörk	Aa1	AA+
Finnland	Aa1	AA
Frakkland	Aaa	AAA
Grikkland	Baa1	BBB-
Holland	Aaa	AAA
Ísland	A1	A+
Írland	Aa1	AA
Ítalía	Aa3	AA
Kína	A3	BBB
Kórea	A1	AA-
Kýpur	A2	AA-
Lúxemborg	Aaa	AAA
Mexíkó	Ba2	BB
Noregur	Aa1	AAA
Pólland	Baa3	BBB-
Portúgal	AA3	AA-
Rússland	Ba2	BB-
Spánn	Aa2	AA
Svíþjóð	Aa3	AA+
Sviss	Aaa	AAA
Tékkland	Baa1	A
Tyrkland	B1	B
Ungverjaland	Baa3	BBB-
Þýskaland	Aaa	AAA

Heimild: Bloomberg

**Fylgiskjal V.***Þjóðhagsstofnun:***Stóriðja og efnahagshorfur.**  
(15. apríl 1997.)

Í framhaldi af fundi í gær um áhrif Norðuráls og stækkunar á verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins á efnahagslífið fylgir hér með yfirlit um þjóðhagslegan sparnað í aðildarríkjum OECD sem hlutfall af landsframleiðslu. Þar kemur fram að sparnaðurinn er minni hér á landi á árinu 1995 en í öllum öðrum OECD ríkjum að Bretlandi undanskildu. Sparnaðurinn jókst á árunum 1993 og 1994 en frá þeim tíma hefur hann farið lækkandi. Á þessu ári stefnir umrætt sparnaðarhlutfall í 15,3%. Til þess að stuðla að viðunandi jafnvægi á viðskiptajöfnuði þegar til lengri tíma er litið væri æskilegt að auka þjóðhagslegan sparnað hér á landi með það fyrir augum að hlutfall hans af landsframleiðslu færi í áföngum í 17-18% að lágmarki.

Eins og fram kom á fundinum birtir Þjóðhagsstofnun ritið *Þjóðarþúskapurinn* í dag eða á morgun. Þar er fjallað um efnahagshorfur í ljósi stóriðjuáforma og nýgerðra kjarasamninga. Mikilvægasta breytingin frá fyrri greinargerðum stofnunarinnar um þetta efni felst í því að þjóðarútgjöldin eru talin aukast meira en áður var gert ráð fyrir vegna kjarasamninganna og skattaráðstafana í tengslum við þá. Fyrir vikið er viðskiptahalli og verðbólga meiri en í fyrri áætlunum.



## Þjóðhagslegur sparnaður

*Hlutfall af landsframleiðslu*

	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Bandaríkin	16,1	16,6	16,6	15,6	15,7	14,6	14,9	16,2	15,9
Japan	32,5	33,4	33,6	33,6	34,5	33,8	32,7	31,4	30,8
Þýskaland	22,1	22,9	24,3	24,1	22,4	21,9	20,5	21,2	21,4
Frakkland	20,0	21,1	21,8	21,5	21,0	19,8	18,2	19,0	19,7
Ítalía	20,9	20,7	20,0	19,5	18,5	17,1	17,9	18,6	20,5
Bretland	16,0	15,5	15,4	14,4	13,6	12,8	12,5	13,5	13,9
Kanada	19,0	20,6	19,4	16,4	14,3	13,2	13,7	15,4	17,1
Austurríki	23,8	24,5	25,2	26,3	26,0	25,3	24,3	25,3	24,9
Ástralía	20,9	22,3	20,7	17,7	15,5	15,7	16,9	16,7	16,9
Belgía	17,2	19,5	20,9	21,1	20,6	20,9	21,5	21,7	22,6
Danmörk	16,1	16,6	16,9	17,8	17,5	17,7	17,1	16,5	17,8
Finnland	22,1	24,0	24,8	23,0	15,1	12,1	13,0	17,0	19,7
Grikkland	14,5	17,3	15,9	13,8	15,2	15,3	15,5	15,7	
Holland	22,6	24,2	26,1	26,0	24,8	23,7	23,4	24,5	24,6
Írland	16,3	15,9	16,7	20,1	20,8	18,2	19,1	17,4	19,5
Ísland	15,2	15,0	15,0	15,8	14,2	14,3	15,8	17,1	15,8
Mexíkó	24,5	21,3	20,3	20,3	18,7	16,6	15,1	15,0	19,5
Noregur	23,4	22,7	24,6	24,1	23,6	21,0	21,9		
Nýja-Sjáland	17,9	17,8	15,6	14,0	13,7	16,4	18,6	18,3	18,4
Portúgal	27,8	26,6	27,3	25,9	22,7	21,4	20,3	20,6	21,6
Spánn	21,6	22,6	21,9	21,7	21,0	19,0	18,9	18,7	21,5
Sviss	31,7	32,8	33,7	33,1	31,6	29,7	29,6	29,2	30,1
Svíþjóð	18,2	18,8	19,2	17,7	15,8	13,4	11,9	13,6	16,6
Tyrkland	24,3	28,9	26,4	21,5	17,7	18,5	18,7	18,9	19,7
OECD samtals	20,8	21,4	21,4	20,7	20,2	19,2			
ESB	20,2	20,8	21,2	20,8	19,7	18,7			

Heimild: OECD.

**Fylgiskjal VI.***Landsvirkjun:*

**Aðferðafræði Landsvirkjunar við útreikning  
á orkuverði til stóriðju.  
(23. janúar 1997.)**

Til þess að reikna kostnaðarverð orku til almenningsveitna byggir Landsvirkjun áætlanir sínar um orkuþörf þeirra á samræmdri raforkuspá fyrir landið í heild.

Til að mæta þessari orkuþörf er fundin ódýrasta virkjunarleið sem völ er á og orkuöflunarkostnaður reiknaður út frá því. Verðlagning á raforku til almennings er síðan ákveðin út frá þessu.

Þegar orkuöflunarkostnaður vegna stóriðju er reiknaður út eru orkuþarfir slíkra aðila lagðar ofan á orkuþarfir almennings og ódýrasta virkjunarleið fundin fyrir sameiginlegar orkuþarfir beggja.

Kostnaðarmunur á þessari virkjunarleið og þeirri þegar eingöngu er virkjað fyrir almenning er síðan fundinn, þ.e. kostnaðurinn sem hlýst af fjárfestingarflýtingunni, og verður stóriðjan að standa a.m.k. undir þeim kostnaði til þess að tryggt sé að almenningur þurfi ekki að greiða meir en ella.

Landsvirkjun reiknar því út kostnaðinn fyrir fjárfestingarflýtinguna fyrir hvern stóriðjuaðila fyrir sig og raforkuverð sem samið er um verður að nægja til þess að greiða hann ásamt hæfilegu álagi vegna varúðar- og hagnaðarsjónarmiða.

**Fylgiskjal VII.**

**KRÖFUGERÐ SAMTAKANNA ÓSPILLT LAND Í HVALFIRÐI (SÓL)**

Aðalkrafa Samtakanna óspillt land (SÓL) í Hvalfirði er að: **iðnaðarnefnd Alþingis leggist gegn því að fyrirhugað álver rísi á Grundartanga.**

Til vara krefst SÓL í Hvalfirði eftirfarandi:

1. Að tryggðar verði bestu fánlegar mengunarvarnir fyrir álver sem rísi á Íslandi og gerðar verði sambærilegar kröfur um mengunarvarnir og gert er í Svíþjóð. SÓL skora því á iðnaðarnefnd að krefjast vothreinsibúnaðar við fyrirhugaða álverksmiðju.
2. Iðnaðarnefnd setji það skilyrði fyrir væntanlegri smningsgerð að mat á umhverfisáhrifum verði unnið að nýju þar sem ákvæði 1. og 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hafi ekki verið uppfyllt í fyrirbyggjandi mati.
3. Iðnaðarnefnd tryggi að allar forsendur fyrir rekstri álverksmiðju hér á landi séu byggðar á vísindalegum niðurstöðum rannsókna á umhverfi, náttúrufari og samfélagi í samræmi við gildandi lög um mat á umhverfisáhrifum.
4. Iðnaðarnefnd taki mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í umhverfismálum í störfum sínum og stefni ekki ímynd Íslands á alþjóðlegum vettvangi í voða með ábyrgðarleysi. Íslendingar verða að taka fulla ábyrgð á umhverfi sínu í alþjóðlegu tilliti sem ein af ríkustu þjóðum heims.

Fylgiskjal VIII.

*Landsvirkjun:*

**Virkjunarframkvæmdir vegna  
Columbia Ventures Corporation og  
þriðja ofns járnblendiverksmiðju**

<b>Framkvæmd</b>	<b>Orkugeta GWst/ári</b>
Stækkun Kröfluvirkjunar	120
Aflaukning Búrfellsvirkjunar	85
Bygging Hágöngumiðlunar	200
Bygging Sultartangavirkjunar	880
Hækkun Laxárstíflu	40

# ORKUJÖFNUÐUR

Álver CVC 60.000 t 1998-1999 (930 GWh/ári)  
3. ofn járnblendiverksmiðju 1999 (450 GWh/ári)

